FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

122. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 25. MAÍ 2017

Heiðursverk leikhópsins Perlunnar verður sýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins í dag. Perlan var á æfingu fyrir sýninguna þegar ljósmyndara bar að garði í gær. Sýningunni er ætlað að heiðra ævistarf Sigríðar Eyþórsdóttur sem stofnaði Perluna fyrir 34 árum. Hún féll frá á síðasta ári og dóttir hennar, Bergljót Arnalds, tók við starfinu til bráðabirgða. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Eyddu sönnunargagni í nauðgunarmáli

Afleysingalæknir á Ísafirði neitaði að upplýsa lögreglu um aðila í nauðgunarmáli þegar málið var tilkynnt sjúkrahúsinu, nokkrum klukkustundum eftir að brotið var framið. Sjúkrahúsið virðist hafa týnt sönnunargagni í málinu og fargað áður en rannsókn var lokið.

LÖGREGLUMÁL Sönnunargögn í nauðgunarmáli, sem lögreglan á Ísafirði hafði til rannsóknar 2015, bárust lögreglu aldrei frá Fjórðungssjúkrahúsi Vestfjarða og var eytt áður en rannsókn málsins lauk að fullu. Málið var fellt niður og aldrei gefin út ákæra.

Þolandi í málinu, kona á þrítugsaldri, leitaði aðhlynningar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði aðfaranótt 14. september 2014. Hún bar við að tveir aðfluttir menn hefðu nauðgað sér. Á sjúkrahúsinu óskaði vakthafandi læknir eftir því við lögreglu að fá svokallaðan nauðgunarpakka afhentan svo hægt væri að safna sönnunargögnum, á borð við lífsýni, í málinu.

„Þetta var afleysingalæknir sem kom hingað eina helgi. Hann biður um þennan pakka frá lögreglu en neitar að upplýsa okkur um hver er brotaþoli, af því hún var ekki viss um kæru. Við vissum að það var grunur um brot en þeir vildu ekki upplýsa okkur um hverjir væru aðilar," segir Karl Ingi Vilbergsson, lögreglustjóri á Vestfjörðum, um ástæðu þess að mennirnir voru ekki handteknir strax og yfirheyrðir.

Konan kærði málið 5. desember sama ár en hinir grunuðu voru erlendis. Við komuna til landsins í febrúar voru þeir kallaðir til yfirheyrslu. Skömmu áður óskaði lögreglan eftir að fá í sínar hendur sönnunargögnin frá sjúkrahúsinu. Mánuði síðar svaraði sjúkrahúsið því til að búið væri að afhenda gögnin. Lögregla skilaði því málinu til ríkissaksóknara með þeim orðum að sönnunargögnin hefðu glatast.

Um mitt sumar sendi ríkissaksóknari málið aftur til rannsóknar og segir að betri gera verði betri tilraun til að endurheimta sönnunargögnin. Þegar lögreglan á Ísafirði ítrekaði beiðnina kom í ljós að gögnunum hafði verið fargað af sjúkrahúsinu þremur vikum áður, og þau því aldrei verið afhent í mars eins og greint hafði verið frá.

Þolandinn hefur nú höfðað einkaréttarmál gegn mönnunum tveimur og fer fram á fullar bætur vegna tjóns sem hún varð fyrir. Sönnunarbyrði einkaréttarmála er vægari en í opinberum sakamálum. Að óbreyttu verður málið tekið fyrir í júní. – snæ

Grímur úr landi

LÖGREGLUMÁL Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, hefur verið ráðinn tengslafulltrúi Íslands hjá Europol. Grímur vakti athygli þjóðarinnar þegar hann stýrði rannsókn á hvarfi Birnu Brjánsdóttur í vetur.

Starfsstöð Gríms verður í Hollandi. Hann tekur formlega við 1. apríl á næsta ári af Karli Steinari Valssyni sem snýr aftur til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

„Þetta er eitthvað sem mig hefur langað til og sóttist eftir. Menn geta verið í þrjú ár og eiga svo möguleika á eins árs framvindu." Hann flytur út með eiginkonu sinni. Grímur segist enn hafa mikið þrek til að vinna í lögreglunni. – snæ

Grímur Grímsson

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Katrín Jakobsdóttir fjallar um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. 12

SPORT Þroskandi að vera fyrirliði. 20

LÍFIÐ Sannkallað Fidget Spinner-æði ríður nú yfir víða um heim og virðast allir þurfa að eignast slíkt apparat. Þetta litla tól er sagt geta hjálpað fólki sem glímir við stress og kvíða en núna vilja bæði börn og fullorðnir ólmir leika sér með tólið. 38

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MEINDÝR OG MYGLUSVEPPIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Sumarbæklingur fylgir blaðinu

MÚRBÚÐARVERÐ

29.980

MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7, Reykjavík

Fuglavík 18, Reykjanesbæ

OPIÐ Í DAG kl. 10-16

ÚTSKRIFTARGJAFIR

Glæsilegt úrval á góðu verði

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 – sími 568 9955

SMÁRALIND

GJAFAKORT SMÁRALINDAR

GJÖF SEM GEFUR ÓTAL MÖGULEIKA

OPIÐ 13–18 Í DAG

Veður



Austan og norðaustan 5-13 m/s og víða dálítil rigning um morguninn. Hægari vindur og styttir upp þegar líður á daginn, en ákveðin norðaustanátt norðvestan til á landinu.
SJÁ SÍÐU 28

Vilja fjölga kvótaflóttamönnum

Meðlimir úr ungliðaráði og starfsfólk Íslandsdeildar Amnesty International afhentu í gær Þorsteini Víglundssyni, félags- og jafnréttismálaráðherra, rúmlega fimm þúsund undirskriftir þar sem skorað er á stjórnvöld að fjölga kvótaflóttamönnum hér á landi. Í tilkynningu frá Amnesty segir að samtökin fagni fjölgun í móttöku kvótaflóttamanna undanfarin ár, en að samtökin vilji gera enn betur í þeim efnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Segir félagið ekki nýjan stjórnmálaflokk

STJÓRNMÁL „Nei, ég er ekki að stofna nýjan flokk," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingmaður Framsóknarflokksins, aðspurður en hann boðaði í gær stofnun nýs félags, Framfarafélagsins.

„Félagið mun vonandi þróast með tímanum og láta til sín taka á ýmsan hátt en þetta er ekki stofnað sem stjórnmálaflokkur. Ég vona hins vegar að stjórnmálaflokkar muni nýta sér það sem kemur frá þessari hugmyndasmiðju og ekki hvað síst minn eigin flokkur."

Sigmundur segir sjálfur að félagið eigi að stuðla að framförum á öllum sviðum samfélagsins og að því komi fólk hvaðanæva úr samfélaginu; Framsóknarmenn, fólk úr öðrum flokkum og þeir sem aldrei hafa haft formlega aðkomu flokkum.

„Þetta mun allavega nýtast mér í starfi stjórnmálamanns og ég hlakka til að fara á fundi með flokksmönnum í kjördæminu til að ræða nýjar lausnir," segir Sigmundur.

Alþekkt er að þingflokkur Framsóknar hefur ekki siglt lygnan sjó undanfarið, eða allar götur síðan Sigurður Ingi Jóhannsson hafði betur í formannskjöri gegn Sigmundi í október í fyrra. Þá var hart tekist á á miðstjórnarfundi flokksins síðasta laugardag. Sjálfur hefur Sigmundur sagt flokkinn laskaðan eftir átökin undanfarið.

– ósk

Ríkið ekki skaðabótaskylt

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli sem kona höfðaði gegn íslenska ríkinu. Krafðist viðkomandi þess að íslenska ríkið viðurkenndi skaðabótaskyldu vegna líkamstjóns sem hún varð fyrir á hægri hendi í kjölfar læknismeðferðar á Landspítalanum árið 2001.

Sýknaði héraðsdómur ríkið af kröfunni í fyrra en málskostnaður var felldur niður, bæði í héraði og Hæstarétti.

Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að í matsgerð tveggja dómkvaddra manna hefði því verið lýst að haga hefði mátt meðferð konunnar á annan hátt en gert var. Þó hafi sönnun á því að mistök sem gætu leitt til skaðabótaskyldu hefðu verið gerð ekki falist í áliti mannanna, fremur en í öðrum gögnum málsins. – þea

Illa staðsettur kapall á Húsavík olli lífshættu

Heppnin ein réð því að starfsmaður Garðvíkur gekk ómeiddur frá því að reka steypustyrktarjárn í gegnum rafmagnskapal RARIK. Kapallinn var á átta sentimetra dýpi. Lá þannig mun grynnra undir malbiki en reglugerðir segja til um.

SLYS Litlu munaði að verkamaður á vegum fyrirtækisins Garðvíkur á Húsavík stórslasaðist eða léti lífið í fyrradag þegar hann rak steypustyrktarjárn í gegnum rafmagnskapal í bænum. Rafmagnskapall Rarik lá átta sentimetrum undir malbiki en á samkvæmt reglugerðum að vera á tíu sinnum meira dýpi, eða á 70-90 sentimetra dýpi.

Guðmundur Vilhjálmsson, eigandi fyrirtækisins, er að vonum ósáttur við að starfsmenn hans hafi verið í stórhættu þegar atvikið varð. „Mínir menn voru að vinnu við að laga kantstein á Húsavík þegar þetta átti sér stað. Við Baughól 52 erum við að reka steypujárn niður, nokkra sentimetra ofan í jörðina, þegar hann fer í gegnum þennan rafmagnskapal," segir Guðmundur. Og segir manninn heppinn að vera á lífi.

„Það má í sjálfu sér furðu sæta að bani hafi ekki hlotist af, strengurinn er 400 volt og 250 amper á strengnum. Það sem varð manninum til lífs var að hann var í einangruðum skóm og gúmmíhandfang var á sleggjunni þegar hann rak í sundur strenginn."

Strengurinn þessi liggur frá tengivirki að spennistöð og á að vera á miklu meira dýpi. Steingrímur Sigurður Jónsson, yfirmaður netreksturs RARIK á Norðurlandi, segir fyrirtækið hafa tekið yfir rekstur rafveitu á Húsavík á sínum tíma og því ekki lagt strenginn. Samt sem áður sé ábyrgðin þeirra. „Við munum taka til skoðunar þetta mál í heild sinni og skoða raflagnir á Húsavík. Það sem gerist þarna er að gatan er lækkuð á einhverju tímabili og því færist gatan nær strengnum," segir Steingrímur.

Hann beinir einnig þeim tilmælum til fólks að hafa samband áður en farið er í framkvæmdir. „Það er nokkuð algengt að farið sé í gegnum strengi og við erum boðnir og búnir til að aðstoða. Við mælum með að einstaklingar hafi samband við okkur og við skoðum stöðu strengja svo hægt sé að varast þá," bætir Steingrímur við.

Eins og sjá má á þessari mynd lá strengurinn aðeins rétt undir götunni. MYND/GUÐMUNDUR VILHJÁLMSSON

> Það má í sjálfu sér furðu sæta að bani hafi ekki hlotist af.
>
> Guðmundur Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Garðvíkur

sveinn@frettabladid.is

VIÐHALDSFRÍTT

SÓFI + BORÐ + 2 STÓLAR + SESSUR

Sparið **5.000** af setti

ALLT SETTIÐ FULLT VERÐ: 39.990

34.990

EBELTOFT GARÐHÚSGÖGN
Glæsileg, stílhrein garðhúsgögn úr UV vörnu plasti. Endingagóðar sessur úr polyesterefni fylgja. Borð: B59 x L92 xH43 sm.
Vnr. 3763442

JUTLANDIA

FRÁBÆR TILBOÐ Í RÚMFATALAGERNUM

TRAMPÓLÍN MEÐ ÖRYGGISNETI
Góð trampólín í garðinn eða á pallinn. Fást í 4 stærðum.
Trampólín + öryggisnet Ø244 sm.
Trampólín + öryggisnet Ø305 sm.
Trampólín + öryggisnet Ø426 sm.
Trampólín + öryggisnet B250 x L396 sm.
Stigi **3.495** Festing fyrir trampólín **4.495**
Vnr. 4702601, 4702602, 4702603, 4703200, 4702600, 4708000

TRAMPÓLÍN MEÐ ÖRYGGISNETI VERÐ FRÁ:

19.990

Frábært **VERÐ**

FRÁBÆR SÓLSTÓLL

SÓLSTÓLL **4.995**

HALDEN SÓLSTÓLL
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga.
Fæst í svörtu, bláu og rauðu.
Vnr. 3738540, 3738531, 3738517

Allir blómapottar **30%** afsláttur

FOSS FLAKES
COMFORT INSPIRED BY SNOW

42% afsláttur

FULLT VERÐ: 3.495

1.995

FOSSFLAKES KODDI
Gæðakoddi fylltur með 70% af FOSSFLAKES og 30% af sílikonhúðuðum polyesterholtrefjum. Þolir þvott og þurrkun við 60°C. Tilvalin koddi fyrir astma- og ofnæmissjúklinga. Vnr. 4302104

DREAMZONE®
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI

Sparið **15.000** krónur

90 X 200 SM.

FULLT VERÐ: 44.950

29.950

Pokagormar · Svampfylling · Yfirdýna · Dönsk gæðaframleiðsla · Mjúk Meðalstif Stif · Stifleiki · 10 ára ábyrgð

PLUS B12 JUBILÆUM DÝNA
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m².
Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr polyester/polypropylene. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu.
Verð án fóta. Stærð: 90 x 200 sm. Fætur verð frá: **6.995**
Vnr. 3236432

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
GILDIR 25.05 - 31.05

Ríkissjóður láti borgina hafa sex lóðir til íbúabyggðar

EFNAHAGSMÁL Aðgerðahópur fjögurra ráðuneyta sem mótar tillögur í húsnæðismálum hefur lokið störfum og er áætlað að kynna niðurstöður hópsins í næstu viku í fyrsta lagi. Þar verða tillögur að fjórtán aðgerðum í húsnæðismálum kynntar. Tillögurnar hafa ekki verið kynntar í ríkisstjórn og því hvílir enn nokkur leynd yfir þeim. Hópurinn var myndaður síðari hluta febrúarmánaðar.

Fréttablaðið hefur þó heimildir fyrir því að á meðal þeirra tillagna sem kynntar verði sé að ríkissjóður láti Reykjavíkurborg hafa sex lóðir vestan Kringlumýrabrautar sem hægt

14

aðgerðir í húsnæðismálum verða kynntar í næstu viku.

væri að skipuleggja fyrir íbúðabyggð. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er með tillögunum einkum horft til aðgerða sem myndu koma millitekjufólki og lágtekjufólki til góða.

Samkvæmt tölum Þjóðskrár, sem Hagsjá Landsbankans vísaði til í gær, hefur fasteignaverð hækkað um tæp 23% á höfuðborgarsvæðinu á síðustu 12 mánuðum. Það þýðir að íbúð sem kostaði 50 milljónir í maí í fyrra kostar í dag tæpar 62 milljónir. Í Hagsjánni kemur líka fram að á árunum 2010-15 þróaðist fasteignaverð í nokkuð góðu samræmi við þætti eins og þróun kaupmáttar og byggingarkostnað. Verðið hefur hækkað verulega að undanförnu og mikið meira en þessir undirliggjandi þættir geta skýrt þannig að venjubundið samhengi hefur rofnað. Það virðist því sem skortur á framboði eigna sé sá þáttur sem hafi helst stýrt þróun fasteignaverðs síðustu mánuði. – **jhh**

Fasteignaverð hefur hækkað um fimmtung á einu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kvartanir streyma inn undan lyktinni

IÐNAÐUR Umhverfisstofnun hafa borist um tuttugu kvartanir vegna lyktarmengunar frá kísilveri United Silicon í Helguvík síðan ljósbogaofn þess var endurræstur á sunnudag. Gangsetningin gengur hægt.

Slökkt var á ofninum eftir að eldur kom upp í verksmiðjunni í apríl. Kristleifur Andrésson, upplýsingafulltrúi United Silicon, segir úrbætur hafa verið gerðar sem komi í veg fyrir eða minnki mengun frá verksmiðjunni. Starfsmenn norska ráðgjafarfyrirtækisins Multiconsult hafa tekið starfsemina út og gera nú prófanir með ofninn. Loftgæði eru mæld á átta stöðum í nágrenninu.

„Það er engin mengun inni í verksmiðjunni, en menn hafa fundið pínu lykt í kringum verksmiðjuna," segir Kristleifur. Óvíst er hvenær framleiðsla á kísilmálmi United Silicon hefst að nýju. – **hg**

Fella ekki niður 50 milljóna skatt

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær dóm í máli dánarbús Ragnhildar Skeoch gegn íslenska ríkinu. Dánarbúið krafðist að nærri 50 milljóna króna viðbótarauðlegðarskattur yrði felldur niður og ríkinu gert að greiða dánarbúinu til baka með vöxtum.

Málið var höfðað af Ragnhildi Skeoch. Hún lést 2015 og tók dánarbúið við aðild málsins. Í apríl 2016 sýknaði Héraðsdómur Reykjavíkur ríkið af kröfunni. „Í ljósi eignastöðu Ragnhildar og tekna hennar samkvæmt framansögðu og ætlaðs framfærslukostnaðar verður í ljósi alls þess sem hér hefur verið rakið ekki litið svo á að álagning viðbótarauðlegðarskattsins umrædd ár hafi haft þau áhrif á fjárhagsstöðu Ragnhildar að skattlagningin teljist hafa verið óhófleg," segir í dómnum. – **þea**

Erlend rútufyrirtæki séu að gera út af við rekstur innlendra

Undirboð erlendra fyrirtækja á rútuferðum ógna starfsemi innlendra fyrirtækja. Samtök ferðaþjónustunnar segja fyrirtækin borga lægri laun en tíðkast hér á landi og að þau greiði ekki virðisaukaskatt. Forseti ASÍ segir vandann fara vaxandi.

Erlend rútufyrirtæki bjóða ferðamönnum sem þessum ferðir á mun lægra verði en innlend. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FERÐAÞJÓNUSTA Erlend fyrirtæki sem bjóða upp á afar ódýrar rútuferðir eru að gera út af við rekstur innlendra fyrirtækja. Þetta er mat Magnúsar H. Valdimarssonar, eiganda Time Tours. „Áttatíu prósent af okkar starfsemi eru að keyra kínverska ferðamenn en það gengur illa þegar það er verið að bjóða ferðir sem kosta nánast þriðjung af því sem við getum boðið," segir Magnús.

Að sögn Gunnars Vals Sveinssonar, verkefnastjóra hjá Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF), hafa erlend fyrirtæki verið að koma hingað í auknum mæli og bjóða erlendum aðilum, til að mynda ferðaskrifstofum, ódýrari þjónustu en íslensk fyrirtæki geta boðið.

„Þau borga laun í samræmi við það sem tíðkast í þeirra heimalöndum, oftast í Austur-Evrópu. Þau eru talsvert lægri en hér á landi. Fyrirtækin greiða heldur ekki virðisaukaskatt eins og þeim ber að gera og skrá sig ekki á virðisaukaskattskrá. Það er mjög víða pottur brotinn í þessum málum," segir Gunnar Valur.

Undir þetta tekur Magnús. „Við höfum verið að heyra það út undan okkur að þessir bílstjórar séu að fá á milli fjögur og sex þúsund krónur á dag í laun."

Gunnar Valur segir að SAF og aðilar vinnumarkaðarins hafi verið að benda stjórnvöldum á þessa hnökra. Stjórnvöld séu hins vegar ekki að takast á við vandann með afgerandi hætti. „Nú veit ég þó að þær stofnanir sem málið snýr að, tollurinn, ríkisskattstjóri, lögreglan og Vinnumálastofnun, eru að ráða ráðum sínum. Það skal ekki tekið af þeim og það er mjög ánægjulegt að þær séu að gera það."

> **Við höfum verið að heyra það út undan okkur að þessir bílstjórar séu að fá á milli fjögur og sex þúsund krónur á dag í laun.**
>
> Magnús H. Valdimarsson, eigandi Time Tours

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir vandann fara vaxandi. „Við erum að sjá þetta spretta upp í rútubílaakstri. Bílstjórinn nýtur engra þeirra kjara sem hann á að gera samkvæmt kjarasamningum og reglum hér. Það er okkar tilfinning að þetta hafi vaxið mjög mikið."

thorgnyr@frettabladid.is

AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR SKODA

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Skoda.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

ŠKODA

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.

bílson -VERKSTÆÐIÐ-

Kletthálsi 9 • Sími 568 1090

Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

Selja fiskbúðina vegna skólamálanna

FJALLABYGGÐ Hjónin Hákon Sæmundsson og Valgerður Kristjana Þorsteinsdóttir hyggjast selja fiskbúð sína, Fiskbúð Fjallabyggðar, og heimili á Ólafsfirði vegna skólamála í Fjallabyggð. Þau keyptu auglýsingu í blaðinu Tunnunni þar sem þetta var tilkynnt og þökkuðu bæjarstjórninni sérstaklega fyrir.

„Það var ákveðið að breyta fyrirkomulaginu í grunnskólunum. Yngri börnin verða keyrð með rútu frá Ólafsfirði til Siglufjarðar og eldri börnin frá Siglufirði til Ólafsfjarðar," segir Hákon.

Hákon og Valgerður eiga þrjú börn, þar af eitt sem er í öðrum bekk. „Það hentar honum alls ekki vel að láta hann fara þetta ungan í rútu á milli. Þar sem við verðum með börn í skóla næstu árin sjáum við okkur ekki fært að vera lengur í þessu sveitarfélagi og hugsum okkur til hreyfings," segir Hákon. – **þea**

Hákon og Valgerður standa vaktina í Fiskbúð Fjallabyggðar.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Opið í dag í völdum verslunum
Skútuvogi kl. 10-19 / Grafarholti kl. 10-18
Sjá aðra afgreiðslutíma á **husa.is**

TAX FREE*

Gildir frá fimmtudegi til sunnudags

ÖLL REIÐHJÓL OG FYLGIHLUTIR

ÖLL VERKFÆRI

Handverkfæri, rafmagnsverkfæri, garðverkfæri, stigar, loftverkfæri, töskur o.fl.

*Gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lóga verði Húsasmiðjunnar. "Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

KYNNING Í SKÚTUVOGI

Húsasmiðjan kynnir fullbúin einingarhús til uppsetningar á mettíma. Opið hús frá **kl. 13-15** í Skútuvogi.

Sérfræðingur okkar verður á staðnum og svara öllum spurningum.

Sjá nánar á husa.is

blómaval

STJÚPUR 10 stk.
990 kr
~~1.790~~ kr

Byggjum á betra verði

Mývatn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Efla vöktun á ástandi Mývatns

UMHVERFISMÁL Umhverfis- og auðlindaráðherra felur Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn (RAMÝ) og Umhverfisstofnun að efla vöktun á innstreymi næringarefna í Mývatn sem og fleiri þáttum í sumar. Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að það sé nauðsynlegur þáttur í tengslum við aðgerðir til að draga úr áhrifum á lífríki vatnsins af mannavöldum.

Þá segir einnig að mat RAMÝ sé að efling vöktunar sé æskileg, einkum á innstreymi næringarefna og blábakteríu- og þörungablóma. Stefnt er að því að vöktun verði efld strax í sumar en að heilstæð vöktunaráætlun á Mývatni, þar sem tillit verði tekið til fleiri þátta og núverandi vöktun verði felld inn, liggi fyrir í haust. **– þea**

Hæstiréttur staðfesti dóm yfir Messi

SPÁNN Hæstiréttur Spánar staðfesti í gær 21 mánaðar fangelsisdóm yfir argentínsku knattspyrnustjörnunni Lionel Messi. Þá var faðir hans, Jorge, einnig dæmdur í fangelsi. Þeir feðgar voru dæmdir fyrir að svíkja undan skatti, en um er að ræða 460 milljónir króna sem þeir hefðu átt að greiða.

Lög á Spáni kveða á um að fangelsisdómar styttri en til tveggja ára geti allir verið skilorðsbundnir og því verður að teljast afar ólíklegt að Messi-feðgar muni sitja inni fyrir brotið.

Sjálfur hefur Lionel Messi alltaf neitað sök. „Ég hef bara einbeitt mér að því að spila fótbolta," sagði hann við aðalmeðferð málsins í héraðsdómstól í Barcelona í fyrra.

Hæstiréttur mildaði dóminn yfir Jorge Messi úr 21 mánuði niður í fimmtán þar sem hann greiddi hluta sinna skatta. **– þea**

Margar kínverskar konur fóru í ófrjósemisaðgerð þegar þær máttu bara eignast eitt barn. NORDICPHOTOS/AFP

Svíar hjálpa Kínverjum við barneignir

SVÍÞJÓÐ Ráðgert er að um 50 kínversk pör muni á hverju ári koma í tæknifrjóvgun á háskólasjúkrahúsinu í Malmö í Svíþjóð. Margar kínverskar konur fóru í ófrjósemisaðgerð vegna stefnu yfirvalda í Kína um að pör mættu bara eignast eitt barn. Gefið var grænt ljós í Kína á fleiri börn árið 2015 og nú vilja konurnar fá hjálp við að eignast annað barn.

Deildarstjóri hjá fyrirtækinu Skåne Care, sem hefur gert samning við háskólasjúkrahúsið, segir að samkynhneigðir eða einhleypir sem ekki hafi möguleika á tæknifrjóvgun í Kína muni mögulega hafa áhuga á að koma til Malmö í þessu skyni. **– ibs**

Fagna stjórnlagaráði

Þessir stuðningsmenn Nicolas Maduro, forseta Venesúela, sátu undir uppblásnu líkneski af forsetanum á stuðningsmannafundi í höfuðborginni Karakas í gær. Maduro ákvað á þriðjudag að kosið skyldi til stjórnlagaráðs í landinu sem ætti að gegna því hlutverki að leggja grunn að nýrri stjórnarskrá. Aðgerðin er viðbragð forsetans við mótmælum og óeirðum sem hafa verið í landinu undanfarnar vikur. NORDICPHOTOS/AFP

Herlög forseta Filippseyja verða svipuð og í tíð Marcos

Íslamskir vígamenn hafa valdið gífurlegum usla í Marawi-borg á eynni Mindanao á Filippseyjum undanfarna daga. Lagður hefur verið eldur að opinberum byggingum og kirkjugestir verið teknir í gíslingu. Forsetinn brást við með því að lýsa yfir herlögum. Krafa vígamanna er að þeir fái leyfi til að yfirgefa borgina.

FILIPPISEYJAR Ófremdarástand ríkir um þessar mundir í Marawi-borg á Mindanao, syðstu ey Filippseyja, en meðal annars hafa vígamenn brugðið á það ráð að taka tugi kirkjugesta í gíslingu. Krafa þeirra er að herlögum verði aflétt og að þeir fái að yfirgefa borgina óáreittir.

Herlögum var lýst yfir á eynni eftir að herinn réðst til atlögu gegn öfgahreyfingunni Abu Sayyaf, sem hefur lýst yfir stuðningi við Íslamska ríkið, með þeim afleiðingum að liðsmenn hennar tvístruðust og leituðu inn í Marawi. Aðgerð hersins átti sér stað á þriðjudag.

Þegar inn í borgina var komið lögðu mennirnir eld að kaþólskri kirkju, fangelsi borgarinnar, tveimur skólum, tveimur brúm og tóku yfir ýmsar byggingar í miðborginni. Um 200 þúsund manns búa í borginni en þúsundir hafa gripið til þess ráðs að flýja hana á meðan bardagar hersins og skæruliðanna standa yfir.

Í yfirlýsingu frá erkibiskupnum Socrates Villegas, æðsta klerki kaþólsku kirkjunnar á Filippseyjum, segir að vígamennirnir hafi ráðist inn í dómkirkju borgarinnar og haldi þar presti, þremur starfsmönnum og tíu kirkjugestum í gíslingu.

„Þeir hóta að taka gíslana af lífi ef hermenn stjórnarinnar verða ekki kallaðir til baka frá borginni," segir í yfirlýsingu Villegas. „Presturinn tók ekki þátt í átökunum. Hann er óvopnaður og engum stafar ógn af honum. Gíslatakan á honum og öðrum kirkjugestum brýtur gegn öllum reglum vopnaðra átaka."

Alls er talið að um hundrað meðlimir samtakanna hafi ráðist inn í borgina eftir aðgerðina. Þegar það gerðist var Rodrigo Duterte, forseti Filippseyja, í opinberri heimsókn í Rússlandi. Duterte er þekktur fyrir að vera óvæginn í garð glæpona og lýsti nær umsvifalaust yfir herlögum á eynni. Þau munu gilda í sextíu daga. Ef átökin dragast á langinn gæti komið til greina að setja herlög á víðar í landinu.

„Sum okkar hafa upplifað herlög, þegar Marcos ríkti, og ég get fullvissað ykkur um það að herlögin nú verða ekki öðruvísi á nokkurn hátt. Þau munu verða mjög harkaleg," segir Duterte. Vísar hann þar til Ferdinand Marcos forseta sem ríkti á Filippseyjum frá 1965-86, þar af árin 1972-81 sem einræðisherra í krafti herlaga.

Áætlanir forsetans hafa sætt gagnrýni víða en margir telja að vandamál landsins sé ekki hægt að leysa með byssukúlum. Forsetinn lætur þau orð sem vind um eyru þjóta.

johannoli@frettabladid.is

Herlögin gilda á eynni allri og eru hermenn sýnilegri en áður í stærstu borgum. Myndin er frá Davao þar sem Duterte var áður borgarstjóri. Duterte er þekktur fyrir að vera óvæginn í garð glæpamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Sum okkar hafa upplifað herlög, þegar Marcos ríkti, og ég get fullvissað ykkur um það að herlögin nú verða ekki öðruvísi á nokkurn hátt.**
>
> Rodrigo Duterte, forseti Filippseyja

COMPLEXION RESCUE™

LITAÐ RAKAGEFANDI KREMGEL SPF 30

frá

bareMinerals®

HÉR ERU SAMTVINNAÐIR ALLIR BESTU EIGINLEIKAR BB- OG CC-KREMA AUK KOSTA LITAÐS RAKAKREMS ... RAKAMAGN HÚÐARINNAR EYKST UM HEIL 215%* EFTIR EINUNGIS VIKUNOTKUN! UM ER AÐ RÆÐA ALGJÖRA NÝJUNG Á SVIÐI FÖRÐUNAR.

bareMinerals kynning í Smáralind og Kringlunni 25.-31. maí. 20% afsláttur af bareMinerals þessa daga. Létt púður yfir fylgir öllum Complexion Rescue meðan birgðir endast.

*Niðurstöður rannsókna 62 konur

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Árásarmaðurinn í Manchester sagður ótrúlega heilaþveginn

BRETLAND Salman Abedi, maðurinn sem myrti 22 gesti á leið út af tónleikum Ariönu Grande í Manchester í vikunni, virtist ekki hafa neitt illt í hyggju þegar líbískur kunningi hans hitti hann fyrir tæpum mánuði.

„Ég held hann hafi verið alveg ótrúlega heilaþveginn," sagði maðurinn í viðtali við Radio 4 á Englandi í gær en ISIS hafa lýst yfir ábyrgð á árásinni.

Viðbúnaður um gjörvallt Bretland er gríðarlegur í kjölfar árásarinnar. Vígbúnir hermenn hjálpa nú lögreglu við að tryggja öryggi á almennum vettvangi.

Lögregla handtók í gær sex manns, sem grunaðir eru um að tengjast árásinni. Samkvæmt tilkynningu lögreglu er um að ræða skipulagðan hóp. Þá voru faðir og bróðir árásarmannsins handteknir í Líbíu í gær, en þaðan er Abedi ættaður.

Gríðarleg sorg ríkir í Manchesterborg vegna árásarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Árásin var fágaðri en þær sem við höfum séð hingað til og það virðist líklegt að árásarmaðurinn hafi ekki verið einn að verki," sagði Amber Rudd, innanríkisráðherra Bretlands, í gær.

Frank Gardner, öryggismálagreinandi BBC, hélt því fram að lögregla teldi að Abedi hefði verið burðardýr. Honum hefði verið falið að sprengja sprengju sem einhver annar bjó til.

The New York Times greindi frá því að sprengjan hefði verið einkar aflmikil og málmhlutum, til að mynda hefði nöglum og skrúfum, verið komið fyrir í henni til að valda sem mestum skaða. Þá fann lögregla einnig hlut sem talinn er vera kveikibúnaður. – **þea**

Færumst fjær félagslegu heilbrigðiskerfi

Að mati prófessors í heilsufélagsfræði hefur íslenskt heilbrigðiskerfi færst fjær hinu félagslega heilbrigðiskerfi þar sem aðgengi allra er tryggt óháð efnahag. Hann segir stefnumótun skorta og tekur undir með landlækni sem segir ákveðið stjórnleysi ríkja í málaflokknum.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Íslenskt heilbrigðiskerfi hefur þróast í átt að meiri einkavæðingu síðustu ár án þess að skýr stefnumótun hafi verið sett fram, segir prófessor í heilsufélagsfræði. Hið félagslega heilbrigðiskerfi sem við höfum státað okkur af síðustu árin og áratugina færist æ nær blönduðum kerfum Vestur-Evrópu þar sem lýðheilsa er lakari og kostnaður sjúklinga meiri en í Skandinavíu. Þessi þróun er ekki í takt við vilja þjóðarinnar, eins og ný rannsókn bendir eindregið til.

„Við erum að sjá þróun íslensks heilbrigðiskerfis sem gengur ekki í sömu átt og viðhorf almennings. Almenningur kallar eftir virkari þátti ríkisins við fjármögnun og rekstur kerfisins. Það þýðir að við verðum að hverfa af þeirri braut einkarekstrar sem við höfum verið á ef ætlun stjórnvalda er að marka stefnu í samræmi og sátt við almenning í landinu. Það er mín niðurstaða út frá þessum samanburði," segir Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í heilsufélagsfræði við Háskóla íslands.

Rúnar hefur unnið rannsókn á afstöðu almennings til ólíkra rekstrarforma heilbrigðiskerfisins. Fréttablaðið sagði frá því á forsíðu í gær að einkarekstur í heilbrigðiskerfinu væri þjóðinni þvert um geð og hefði sú andstaða vaxið, ef eitthvað er, á þessari öld.

Hægt er að skipta heilbrigðiskerfum þjóða í þrennt: Félagslegt heilbrigðiskerfi, líkt og tíðkast á Norðurlöndum, blandað rekstrarkerfi eða svokallað skyldutryggingarkerfi, sem þekkist víða í Vestur Evrópu, og svo einkarekstrarkerfi.

Aðgengi að þjónustu er best í félagslegu heilbrigðiskerfi og hlutfallslegur kostnaður sá lægsti af þessum þremur. Einnig hafa rannsóknir sýnt að lýðheilsa einstaklinga er best hjá þeim þjóðum þar sem félagslegt heilbrigðiskerfi er við lýði.

Kjörmynd félagslegs heilbrigðiskerfis má flokka í átta staðhæfingar.

Íslendingar hafa löngum státað af einu öflugasta velferðarkerfi heims. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Almennur réttur til heilbrigðisþjónustu, þjónusta fyrst og fremst fjármögnuð af ríki sem skipuleggur þjónustuna og greiðir fyrir hana. Notendur hafa lítinn sem engan kostnað af þjónustunni og ríkið á að mestu aðstöðuna sem notuð er og rekur hana. Kerfinu er þannig ætlað að tryggja jafnt aðgengi en á sama tíma er gjarnan veitt heimild til takmarkaðs einkareksturs.

„Við erum að færast frá félagslegu heilbrigðiskerfi. Það sýnir sig best á samskiptum sjúklinga við lækna í einkageiranum annars vegar og opinbera geiranum hins vegar. Það sem skiptir mestu er að við finnum hvergi opinbera stefnu um þetta," segir Rúnar.

„Þetta er niðurstaða samninga við Læknafélag Reykjavíkur sem hefur komið Sjúkratryggingum á óvart. Þetta er ekki afleiðing stefnumótunar sem legið hefur til grundvallar heldur niðurstaða og hún veldur þessari kerfisbreytingu. Landlæknir benti einmitt á að þarna sé ákveðið stjórnleysi og ég tek undir það," bætir Rúnar við.

Að mati Rúnars er því ærið verkefni fyrir heilbrigðisráðherra að setja niður stefnumótun í málaflokknum því mikilvægt er að landsmenn viti hvert eigi að stefna og að unnið sé samkvæmt því. „Ég myndi vilja sjá afdráttarlausa stefnumörkun sem væri heildstæðari en hún hefur verið til þessa í málefnum heilbrigðisþjónustunnar. Það þarf svo að fylgja henni áfram af festu. Stefnan verður að vera með hagsmuni skjólstæðinga fyrir augum." En hvenær erum við komin í þá stöðu að búa ekki við félagslegt heilbrigðiskerfi? Rúnar segir að um leið og einstaklingar séu farnir að neita sér um heilbrigðisþjónustu blikki rauð ljós í mælaborðinu. „Þegar stór hluti sjúklinga er farinn að neita sér um nauðsynlega þjónustu vegna kostnaðar erum við farin út úr þessum ramma. Það gildir sérstaklega um ungt fólk, námsmenn, lágtekjufólk og ákveðna hópa langveikra og öryrkja. Þetta eru hópar sem við sjáum endurtekið hér og erlendis að eru nærmari fyrir kostnaði og fresta heilbrigðisþjónustu vegna þess," segir Rúnar.

Í stað þess að nota hugtakið einkavæðing um þær breytingar sem hafa átt sér stað í íslenskri heilbrigðisþjónustu hefur verið farin sú leið að tala um aukinn einkarekstur eða að styðja við fjölbreytt rekstrarform. Rúnar segir þetta dæmi um hugtök til heimabrúks sem hafi lítið gildi í fræðilegri umræðu. Þar sé talað um einkavæðingu.

„Með einkavæðingu í fræðilegri umræðu er átt við þrennt. Í fyrsta lagi eignasölu þegar hið opinbera selur stofnun eða fyrirtæki, einkaframkvæmd, þegar tilfærsla á rekstri eða framkvæmd er flutt til einkaaðila og einkafjármögnun þegar tilfærsla fjármögnunar fer frá hinu opinbera til einkaaðila. Einkavæðing hér á landi hefur fyrst og fremst varðað síðari tvo þættina."

Heimsóknir sjúklinga 2000–2016



Hið opinbera á fyrst og fremst að reka ...

	BF						
Sjúkrahús	94,9%	75,8%	84,1%	66,1%	69,8%	92,9%	97,2%
Heilsugæslustöðvar	89,7%	75,0%	61,3%	51,6%	91,3%	91,9%	91,9%

Vilja aukið fé

91,9 prósent aðspurða vilja að ríkið veiti meira fé til heilbrigðismála, 7,1 prósent óbreytt fé en einungis 1 prósent minna fé til heilbrigðismála.



Æ fleiri vilja ríkisrekstur

Þeim fjölgar frá árinu 2006 sem vilja að hið opinbera verji meira fé til heilbrigðismála.



***Heimild: Rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar prófessors á afstöðu almennings til ólíkra rekstrarforma heilbrigðiskerfisins 2017.**

Sterkt gengi breyti ekki áætlunum

EFNAHAGSMÁL „Erlendar fjárfestingar hjá LSR eru að mestu í takt við þá áætlun sem við lögðum upp með í upphafi árs," segir Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR).

Gengi krónunnar hefur styrkst verulega gegn erlendum gjaldmiðlum á síðustu mánuðum, samtímis því að lífeyrissjóðir landsins hafa litið til þess að auka umsvif sín erlendis.

„Styrking krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum getur haft þau áhrif að erlend verðbréfakaup verða hagstæðari en ella. Það fást fleiri evrur eða bandarískir dollarar fyrir krónuna þegar hún er sterk. Styrkingin hefur því ekki þau áhrif að við fjárfestum lægra hlutfalli í erlendum eignum en við áttum von á í upphafi árs," segir Haukur.

> **Styrkingin hefur því ekki þau áhrif að við fjárfestum lægra hlutfalli í erlendum eignum.**
>
> Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR

Hjá Gildi lífeyrissjóði verður einnig fylgt fjárfestingaráætlun erlendis en jafnvel er í kortunum að auka fjárfestinguna erlendis umfram áætlun vegna gengis krónunnar. „Við höfum verið að leggja aukna áherslu á erlendar fjárfestingar eftir afnám hafta. Við sjáum fyrir okkur að auka enn frekar við erlendar fjárfestingar í framtíðinni," segir Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar og staðgengill framkvæmdastjóra.

„Styrking krónunnar gerir það að verkum að erlendar eignir vega hlutfallslega minna af eignasafni sjóðsins. Eftir því sem krónan styrkist, þá má gera ráð fyrir því að við aukum við erlendar fjárfestingar. Það verður sífellt álitlegri kostur. Hversu hratt það gerist verður hins vegar tíminn að leiða í ljós. Þar skipta aðstæður hverju sinni höfuðmáli, bæði staða krónunnar og staðan á mörkuðum. Langtímamarkmiðið er til lengri tíma að ná fram aukinni áhættudreifingu með aukinni fjárfestingu erlendis," segir Davíð. – **sg**

Bæjarfulltrúar í Boden í Svíþjóð hafa fengið nóg af reykingum. NORDICPHOTOS/AFP

Reykbann við strætóskýli

SVÍÞJÓÐ Bæjarfulltrúar í Boden í Svíþjóð ætla að banna reykingar við leikvelli, félagsmiðstöðvar unglinga og stoppistöðvar strætó í bænum. Bæjarfulltrúinn Daniel Rönnbäck, sem sjálfur reykir, fékk nóg á leikvelli með börnum sín þegar hann sá foreldra og aðra sitja og reykja. Hann ákvað að leggja fram tillögu um reykbannið sem nú hefur verið samþykkt. – **ibs**



TILBOÐ

VITA GRO 1L

SUMARBLÓMAÁBURÐUR

990KR

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

MARKAÐURINN

Einkafjárfestar og sjóðir stærstir í VÍS

Einkafjárfestar og hlutabréfasjóðir eiga samanlagt 38 prósent í tryggingafélaginu þegar litið er til hluthafa með meira en eitt prósent í VÍS. Erlendir sjóðir eignast sex prósent á árinu. Sigurður Sigurgeirsson er kominn í hóp stærstu hluthafa eftir kaup á 1,2 prósenta hlut.

Samanlagður eignarhlutur einkafjárfesta og hlutabréfasjóða í VÍS, þegar aðeins er litið til þeirra hluthafa sem eiga eitt prósent eða meira í tryggingafélaginu, er um 38 prósent á meðan lífeyrissjóðir eiga samtals um 35 prósenta hlut. Á sama tíma og sumir lífeyrissjóðir hafa upp á síðkastið verið að minnka eignarhlut sinn í félaginu, fyrst og fremst Gildi, þá hafa einkafjárfestar og erlendir hlutabréfasjóðir gert sig meira gildandi innan hluthafahópsins.

Á meðal einkafjárfesta sem hafa nýlega bæst í hluthafahóp VÍS er Sigurður Sigurgeirsson, fyrrverandi byggingaverktaki í Kópavogi, en hann á 1,2 prósenta hlut í VÍS í gegnum félagið NH fjárfestingu, samkvæmt lista yfir alla hluthafa tryggingafélagsins síðastliðinn mánudag, sem Fréttablaðið hefur séð. Það gerir hann að 21. stærsta hluthafa VÍS og miðað við núverandi gengi bréfa félagsins er sá hlutur metinn á rúmlega 310 milljónir. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eignaðist Sigurður hlutinn fyrr í þessum mánuði.

Það er hins vegar innkoma erlendra hlutabréfasjóða sem hefur sett hvað mest mark sitt á hluthafahóp VÍS á undanförnum mánuðum. Samkvæmt nýjasta hluthafalista VÍS eiga sjö erlendir sjóðir, sem eru á vegum þriggja eignastýringarfyrirtækja, samanlagt um 6,2 prósenta hlut í tryggingafélaginu. Þar munar mestu um sjóði í stýringu Eaton Vance og Miton Group, sem hafa verið umsvifamiklir í fjárfestingum í mörgum skráðum félögum í Kauphöllinni á síðustu mánuðum og misserum, en auk þess á sjóður á vegum Pacific Life Fund 0,65 prósenta hlut í VÍS. Enginn þessara sjóða var á hluthafalista VÍS í árslok 2016. Samanlagt markaðsvirði þess hlutar sem er í eigu erlendra hlutabréfasjóða er um 1.600 milljónir.

Í hópi stærstu hluthafa VÍS eru einkafjárfestar og hlutabréfasjóðir umsvifameiri en lífeyrissjóðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Selja vegna stjórnarhátta

Miklar deilur hafa staðið yfir innan stjórnar og hluthafahóps VÍS í kjölfar þess að Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir felldi Herdísi Fjeldsted úr stóli stjórnarformanns eftir aðalfund VÍS í mars síðastliðnum. Þau átök hafa öðrum þræði snúist um ólíkar áherslur annars vegar fulltrúa lífeyrissjóðanna og hins vegar helstu einkafjárfesta félagsins. Tveimur vikum eftir aðalfund sagði Herdís, sem var studd af Lífeyrissjóði verslunarmanna, sig úr stjórn félagsins. Í kjölfarið lét hún hafa það eftir sér að sú ákvörðun hefði verið vegna ágreinings um vinnubrögð og stjórnarhætti og sagði að nýr stjórnarformaður hefði viljað að stjórnin myndi hafa aukna aðkomu að einstökum fjárfestingum félagsins. Svanhildur hefur sagt þær ásakanir „rakalausar“.

Brotthvarf Herdísar hefur haft eftirmála en Gildi lífeyrissjóður, sem var þangað til fyrir skemmstu einn af stærstu hluthöfum VÍS, hefur að undanförnu minnkað hlut sinn í félaginu úr 7,1 prósenti í 2,7 prósent og hefur framkvæmdastjóri sjóðsins sagt að það hafi verið gert vegna þess að honum „hugnaðist ekki stjórnarhættir sem höfðu viðgengist í VÍS“. Á meðal þeirra sem hafa keypt hluti af Gildi er Arion banki en þegar listi yfir 20 stærstu hluthafa VÍS var birtur í lok síðustu viku var bankinn þar skráður með 2,45 prósenta hlut.

Á síðustu vikum hafa fjárfestar, sem samanstanda einkum af einkafjárfestum, falast eftir því að kaupa stóran hluta af bréfum Lífeyrissjóðs verslunarmanna í VÍS en sjóðurinn er stærsti einstaki hluthafi félagsins með 9,7 prósenta hlut. Þannig greindi Vísir frá því síðastliðinn fimmtudag að lífeyrissjóðurinn hefði fengið kauptilboð í 100 milljónir hluta í eigu sjóðsins, eða sem jafngildir 4,3 prósenta hlut í VÍS, en því var hins vegar hafnað. Guðrún Hafsteinsdóttir, stjórnarformaður sjóðsins, lét hafa það eftir sér í ViðskiptaMogganum fyrr í þessum mánuði að það væri „engin launung á því að við höfum verið hugsi yfir stöðu mála í VÍS“ og vísaði þá til ummæla Herdísar Fjeldsted, fyrrverandi stjórnarformanns, um óeðlilega stjórnarhætti innan félagsins.

Hafa notið stuðnings Stefnis

Stærstu einkafjárfestarnir í VÍS eru hjónin Svanhildur og Guðmundur Örn Þórðarson, Sigurður Bollason og fjárfestingatfélagið Óskabein. Þessi hópur, sem náði að tryggja sér meirihluta í stjórn eftir síðasta aðalfund, á um 22 prósenta hlut í VÍS en hann hefur einnig meðal annars notið stuðnings sjóðastýringarfyrirtækisins Stefnis en sjóðir þess eiga tæplega sex prósent í VÍS. Rétt er að geta þess að sumir einkafjárfestar í VÍS eiga talsverða hlutafjáreign í gegnum safnreikning Virðingar sem er skráð með 6,9 prósenta hlut í félaginu.

hordur@frettabladid.is

SUZUKI

Way of Life!

NÝR SWIFT

FRUMSÝNUM

NÝJAN ÓTRÚLEGA
FLOTTAN SUZUKI SWIFT
LAUGARDAGINN
27. MAÍ FRÁ KL. 12-16

KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM SWIFT

SUZUKI TÓKST HIÐ ÓMÖGULEGA, AÐ GERA NÝJAN SWIFT ENN BETRI. HANN ER KRAFTMEIRI, LÉTTARI, SPARNEYTNARI, RÚMBETRI OG FULLUR AF TÆKNINÝJUNGUM

SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN SUZUKI SWIFT.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

Svikalogn

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Það er eitt af fjórum yfirlýstum hagstjórnarmarkmiðum ríkisstjórnarinnar að sporna gegn frekari styrkingu krónunnar. Þetta kemur fram í glærukynningu á ríkisfjármálaáætlun 2018-2022 sem fjármála- og efnahagsráðherra kynnti hinn 31. mars síðastliðinn. Síðan þá hefur ráðherrann reglulega endurtekið þetta í viðtölum við fjölmiðla.

Það er heiðarlegt af ráðherranum að segja beint út að ríkisstjórnin vilji vinna gegn frekari styrkingu krónunnar. Þetta markmið endurspeglast líka í stefnunni. Þannig hefur fyrirhuguð hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu ekki þann tilgang einan að afla tekna í ríkissjóð heldur einnig að sporna gegn frekari gengisstyrkingu með því að hægja á örum vexti ferðaþjónustunnar. Hins vegar er ekki víst að meginþorri launafólks sé ráðherranum sammála. Það er nefnilega gott að hafa tekjur í íslenskum krónum í dag því innflutt vara og þjónusta er miklu ódýrari en hún var. Það er ódýrara að kaupa matvöru, fatnað og raftæki og það kostar minna að fara í frí til útlanda.

Samtök atvinnulífsins hafa miklar áhyggjur af styrkingu krónunnar. „Ef þú ert staddur í miðju góðæri og ert með þrjár af stærstu greinunum, sjávarútveg, ferðaþjónustu og iðnað, í mjög erfiðu árferði, hver er þá undirstaða góðærisins? Ég hef talað um svikalogn í þessu samhengi," sagði Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, í samtali við þetta blað í gær. Halldór vill sjá hraðari lækkun vaxta hjá Seðlabankanum. Það myndi skapa hvata fyrir innlenda fjárfesta til að fara út með krónur sínar sem myndi sporna gegn innflæði gjaldeyris í hagkerfið.

Áhyggjur framkvæmdastjóra SA eru skiljanlegar enda bitnar of mikil styrking krónunnar illa á útflutningsfyrirtækjum. Hins vegar er dálítið broslegt að fylgjast með forsvarsmönnum fyrirtækja í stærstu útflutningsgreinunum kvarta yfir of mikilli gengisstyrkingu krónunnar. Íslenskur sjávarútvegur hagnaðist um 287 milljarða króna samtals á árunum 2009 til 2015. Ferðaþjónustufyrirtækin í landinu hafa á síðustu árum malað gull á vexti ferðaþjónustunnar.

Þessi umræða um of mikla gengisstyrkingu krónunnar og að grípa þurfi til aðgerða vegna hennar var fyrirsjáanleg. Þetta gerist alltaf þegar krónan sveiflast upp eða niður. Þá hefst umræða um að það þurfi að skipta um gjaldmiðil eða breyta um peningastefnu.

Sveiflur eru óhjákvæmilegur fylgifiskur íslensku krónunnar. Stjórnvöld verða að virða sveiflurnar upp og niður ef það á að standa vörð um sjálfstæðan gjaldmiðil. Það er engin sanngirni í því að beita hagstjórnartækjum gegn frekari styrkingu þegar launafólk þessa lands hefur þurft að þola mörg ár af sársauka vegna veikrar krónu. Mörg fyrirtæki sem reiða sig á innflutning vöru og þjónustu fóru illa út úr banka- og gjaldeyrishruninu. Þau fyrirtæki í útflutningsgreinum sem þola ekki tímabundna gengisstyrkingu krónunnar og eru ekki í stakk búin til að mæta sveiflunum eiga að mæta örlögum sínum án sérstakra inngripa ríkisvaldsins. Fyrirtækin í landinu og launafólk eiga að sitja við sama borð.

Sveiflur eru óhjákvæmilegur fylgifiskur íslensku krónunnar.

Halldór

Frá degi til dags

Beint í vasa sveitarfélaganna

Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 23 prósent á síðustu tólf mánuðum. Þetta þýðir að íbúð sem kostaði 40 milljónir í maí í fyrra kostar í dag rétt innan við 50 milljónir. Á þessu græða helst fasteignasalar, verktakar og svo sveitarfélögin sem fá hærri fasteignagjöld með hækkun fasteignamats. Við hin, sem flest teljumst til millistéttaraulanna, borgum hins vegar brúsann. Það er á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga að bregðast við stöðunni. Þess vegna verður fróðlegt að sjá hvaða aðgerðir verða kynntar í næstu viku til að takast á við þann vanda sem blasir við vegna skorts á íbúðarhúsnæði.

Sigmundur á nýjum vettvangi

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson boðar stofnun nýs þjóðmálafélags. Hann segir nýja félagið vera að „skapa vettvang fyrir frjálsa umræðu fyrir hin ýmsu samfélagsmál, þar sem hægt verði að koma á framfæri hugmyndum og lausnum við þeim vandamálum sem samfélagið stendur frammi fyrir …", eins og hann orðaði það í samtali við blaðamann mbl.is. Sjálfur segist hann ekki ætla að stefna að klofningsframboði frá Framsóknarflokknum. Trúi því hver sem vill, en reynslumikill stjórnmálamaður í fullu fjöri hlýtur að stefna að einhverju öðru en að mynda kjaftaklúbb.

jonhakon@frettabladid.is

Nefnd í stað fjármagns

Katrín Jakobsdóttir
formaður Vinstri-grænna

Stærsta mál hverrar ríkisstjórnar er fjármálaáætlun sem er rammi utan um útgjöld og tekjuöflun samfélagsins til næstu fimm ára. Sú fjármálaáætlun sem nú er til umfjöllunar á Alþingi afhjúpar dapra framtíðarsýn þessarar óvinsælu stjórnar.

Stjórnmálaflokkarnir fengu skýrar leiðbeiningar frá almenningi fyrir kosningar þegar ríflega 86.500 manns skrifuðu undir áskorun um verulega aukin framlög til heilbrigðisþjónustu. Því miður er þeirri áskorun ekki mætt. Til dæmis er ekki gert ráð fyrir að mæta uppsafnaðri viðbótarfjárþörf Landspítalans þó að allar upplýsingar liggi fyrir um hana frá stjórnendum spítalans. Í staðinn leggur meirihluti fjárlaganefndar til að spítalanum verði skipuð pólitísk stjórn. Háskólarnir bera skarðan hlut frá borði. Fjármálaráðherra hefur beinlínis lýst þeirri framtíðarsýn að stefnt verði að „heilbrigðri fækkun" háskólanema. Aukning til háskólanna felur fyrst og fremst í sér nýja húsbyggingu sem hefði verið mun ódýrara að ljúka við fyrir nokkrum árum en aukningin verður engin árið 2018 og aðeins 2,1% árið 2019. Þetta er fjarri samþykktum markmiðum Vísinda- og tækniráðs. Þetta er líka fjarri því sem talað var um fyrir kosningar.

Í ágúst síðastliðnum samþykkti þáverandi meirihluti Alþingis fjármálaáætlun. Tekist var á um margt í þeirri áætlun en þar var þó skýrt sagt að áætluð hagræðing vegna ákvörðunar ráðherra um að stytta nám til stúdentsprófs myndi skila sér til skólanna. Í núverandi áætlun verða þessi framlög orðin ríflega 1,4 milljörðum lægri árið 2021 en í síðustu áætlun. Varla þarf að taka fram að flokkarnir voru þöglir um þennan niðurskurð fyrir kosningar.

Enn vantar fullnægjandi greiningu á áhrifum skattabreytinga á ferðaþjónustu og varhugavert er að lækka efra þrep virðisaukaskatts í þeirri þenslu sem nú er í íslensku samfélagi. Í stuttu máli byggist þetta stærsta plagg ríkisstjórnarinnar á veikum tekjugrunni og snýst um óboðaðan niðurskurð en ekki þá uppbyggingu íslensks velferðarsamfélags sem almenningur kallaði eftir í seinustu kosningum.

Við Vinstri-grænn leggjumst gegn þessari áætlun því að hún er ekki aðeins metnaðarlaus heldur beinlínis skaðleg. Við viljum samfélagsuppbyggingu fyrir alla og sanngjarna tekjuöflun. Það er hægt.

Sú fjármálaáætlun sem nú er til umfjöllunar á Alþingi afhjúpar dapra framtíðarsýn þessarar óvinsælu stjórnar.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,**
ritstjorn@frettabladid.is **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Svo bregðast krosstré

Í DAG

Þorvaldur Gylfason

Án nauðsynlegra umbóta er hætt við að misskipting haldi áfram að breiðast út líkt og illgresi og undanhald lýðræðis byrji með líku lagi að breiðast út eins og smit.

Ég hef lýst því áður á þessum stað hversu hallað hefur á lýðræði um heiminn frá aldamótum, einnig í okkar heimshluta. Steininn tók úr þegar Freedom House sem hefur kortlagt framþróun lýðræðis í heiminum um langt skeið ákvað fyrir nokkru að lækka lýðræðiseinkunn Bandaríkjanna. Rökin fyrir lækkuninni eru m.a. gölluð kjördæmaskipan sem bjagar úrslit kosninga, hömlulaus fjárframlög fyrirtækja til stjórnmálamanna og flokka, þrátefli á þingi, nýir vitnisburðir um kynþáttamisrétti o.fl.

Þegar landið sem hálf heimsbyggðin hefur litið upp til sem „leiðtoga hins frjáls heims“ allar götur frá 1945 telst ekki lengur vera fullburða lýðræðisríki, þurfa menn að staldra við. Bandaríkin voru eina lýðræðisríki heimsins fram til 1850 þegar byltingar brutust út í Evrópu og voru barðar niður en leiddu smám saman af sér útbreiðslu lýðræðis einnig þar. Frá 1945 til aldamótanna 2000 fjölgaði lýðræðisríkjum upp í 90 sem var þá næstum helmingur allra ríkja heimsins. Síðan laust eftir aldamótin hefur fjölgunin þó stöðvazt. Jafnvel Pólland og Ungverjaland, aðildarlönd ESB, ögra nú lýðræði og mannréttindum. Vonin um að gömlu sovétlýðveldin tækju upp lýðræði eftir fall kommúnismans þar um 1990 brást ef Eystrasaltsríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen, eru ein undanskilin. Hvað kom fyrir?

Hér langar mig í örstuttu máli að lýsa samhenginu milli misskiptingar og hnignandi lýðræðis.

Misskipting grefur undan lýðræði

Aukinn ójöfnuður í tekjuskiptingu í Bandaríkjunum tengist þeim þáttum sem Freedom House tilgreinir sem rök fyrir lækkun lýðræðiseinkunnar landsins. Ýmsir hagfræðingar hafa kortlagt aukinn ójöfnuð í Bandaríkjunum og annars staðar, m.a. franski prófessorinn Thomas Piketty sem birti niðurstöður sínar í rómaðri metsölubók 2015. Stiklum á stóru. Hlutdeild 1% tekjuhæstu heimilanna í Bandaríkjunum tvöfaldaðist úr 10% 1960-1970 upp í 20% 2013. Hlutdeild 0,1% tekjuhæstu heimilanna þar í landi þrefaldaðist og vel það úr 3% í 10% á sama tíma. Ekkert Vestur-Evrópuland kemst nálægt Bandaríkjunum að þessu leyti þótt misskipting hafi einnig ágerzt í Evrópu. Aukin misskipting veikir lýðræði á ýmsa vegu.

Misvægi atkvæða

Misvægi atkvæðisréttar hneigist til að sljóvga viðnám gegn öðru misrétti. Stjórnmálamenn sem nærast á ranglátri kjördæmaskipan verða smám saman ónæmir fyrir ranglæti yfirhöfuð líkt og í sjálfsvörn. Misvægi atkvæðisréttar vestra lýsir sér m.a. í gerólíkum fjölda kjósenda að baki hverjum þingmanni í öldungadeildinni, hlutdrægum reglum um skráningu kjósenda sem bitna einkum á blökkumönnum og skakkri skiptingu landsins í kjördæmi sem þingmenn geta sjálfir krukkað í til að auka líkur á eigin endurkjöri (e. gerrymandering). Tveir forsetar af þrem frá árinu 2000 náðu kjöri þótt helzti andstæðingur þeirra hlyti fleiri atkvæði á landsvísu.

Aukin misskipting hefur haldizt í hendur við skarpari flokkadrætti, jafnvel í Hæstaréttí Bandaríkjanna. Úrskurður réttarins 2010 þess efnis að engin bönd megi leggja á fjárframlög fyrirtækja til stjórnmálamanna og flokka féll eftir flokkslínum, fimm atkvæði gegn fjórum, og veikti lýðræðið með því að tefla miklu valdi upp í hendur örfárra auðmanna sem segja sífellt fleiri stjórnmálamönnum fyrir verkum.

Aukin misskipting hefur einnig ýtt undir úlfúð í stjórnmálum, dregið úr kosningaþátttöku og veitt vatni á myllu lygalaupa. Þessi þróun hefur haldizt í hendur við þrönga stöðu margra menntastofnana og annarrar almannaþjónustu og einnig við kynþáttamisrétti sem sýnir fá merki um undanhald. Virðingarleysi fyrir staðreyndum (e. alternative facts) og beinar lygar gegndu miklu hlutverki í forsetakjörinu í nóvember sl. og gera enn svo stjórnmálalíf landsins leikur nú á reiðiskjálfi. Þetta skiptir máli því heillaríkt lýðræði útheimtir virðingu fyrir staðreyndum.

Framfarahorfur lýðræðis

Abraham Lincoln Bandaríkjaforseti 1861-1865 var sama sinnis. Hann sagði (í þýðingu minni): „Ég hef bjargfasta trú á þjóðinni. Sé henni sagður sannleikurinn er hægt að reiða sig á að hún standist hverja raun. Öllu skiptir að bera raunverulegar staðreyndir á borð, og bjór.“

Haldi misskipting áfram að ágerast virðast framfarahorfur lýðræðis ekki bjartar í Bandaríkjunum og annars staðar. Þennan vítahring verður að rjúfa með því að snúa misskiptingunni við m.a. með því að leysa stjórnmálamenn og flokka úr kæfandi faðmlagi auðmanna og hagsmunahópa. Betri stjórn fjármála ríkisins myndi einnig hjálpa. Ætla verður að Bandaríkin standist þessa raun.

Án nauðsynlegra umbóta er hætt við að misskipting haldi áfram að breiðast út líkt og illgresi og undanhald lýðræðis byrji með líku lagi að breiðast út eins og smit. Ef Bandaríkin bregðast lýðræðinu kann öðrum þjóðum að finnast óhætt að fara eins að. Fari svo þarf Evrópa að rísa upp og sýna umheiminum fram á kosti réttlátrar skiptingar auðs og tekna. Betra og heillavænlegra væri að Bandaríkjunum og Evrópu auðnaðist sem fyrr að vinna verkin hlið við hlið og laða önnur lönd að lýðræði og mannréttindum.

KRÓNAN

Krónan mælir með!

199 kr. kg

Rauðar vatnsmelónur, Kosta Ríka

Borðaðu mig – bestar núna!

299 kr. kg

Melónur, kantalópa, Hondúras

-20%

199 kr. kg

Gular melónur, Kosta Ríka

Verð áður ~~260~~ kr. kg

Tilboðin gilda til 28. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

KRÓNAN

ENGIN AUKEFNI 100% UNGNAUTAHAKK

100% hamborgara-búðin bín!

90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

★★★

Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.

★★★

alltaf 2 stk. í pakka

Nýtt!

799 kr. pk.

Crispy kjúklingaborgarar, 4 stk. í pakka

12 stk. í pakka

Smáborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

1999 kr. pk.

12 stk. í pakka, 100% hágæða smáborgarar

ENGIN AUKEFNI 100% UNGNAUTAHAKK

Hamborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

1299 kr. pk.

2 stk. í pakka, 100% ungnautahamborgarar

Tilboðin gilda til 28. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

KRÓNAN

Gott verð!

-30%

Krónan mælir með!

1439 kr. kg

Úrbeinaður grísahnakki, úrval marineringa, Spánn

Verð áður ~~1699~~ kr. kg

1596 kr. kg

Lúxus grísakótilettur, úrval marineringa, Spánn

Verð áður ~~2280~~ kr. kg

Opið í dag
Uppstigningardag

í öllum verslunum Krónunnar

Tilboðin gilda til 28. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

KRÓNAN

ódýrt

389 kr. pk.

Gestus rúnstykki, 6 stk./540 g

199 kr. stk.

Oatly lífræn haframjólk, 1 lítri

LÍFRÆNT VOTTAÐ

149 kr. stk.

Eplasafi, 1,5 lítrar

299 kr. pk.

Gestus rauð smoothie blanda, 450 g

199 kr. stk.

Gestus amerískar pönnukökur, 200 g

Tilboðin gilda til 28. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Eru karlar meira ómissandi af vinnumarkaði en konur?

Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Það er fagnaðarefni að Samtök atvinnulífsins hafi áhuga á að stytta bilið á milli þeirra níu mánaða sem foreldrar fá í fæðingarorlofi og þess tíma sem börn þeirra komast inn á leikskóla. En það er miður að eina lausnin sem samtökin koma auga á sé að setja níu mánaða gömul börn á leikskóla í stað þess að styðja augljósar leiðir til að lengja þann tíma sem ungbörn fá með foreldrum sínum í fæðingarorlofi.

Markmiðin með lögum um fæðingarorlof er tvíþætt. Annars vegar tryggja lögin réttindi barna til samvista við báða foreldra sína. Ég efast um að margir séu þeirrar skoðunar að það sé betra fyrir níu mánaða gömul börn að fara strax á leikskóla frekar en að vera áfram í umsjá foreldra sinna.

Hins vegar eiga lögin um fæðingaroflof að stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði. Því markmiði hafa lögin ekki náð og með niðurskurði undanfarinna ára hafa þau færst fjær því mikilvæga markmiði. Raunin er sú að núverandi skipan fæðingarorlofs og framboð dagvistunarúrræða þegar orlofinu lýkur leiðir til þess að konur axla meginábyrgðina á umönnun ungra barna, í stað þess að foreldrarnir deili þeirri ábyrgð jafnt. Rannsóknir sýna að þetta hefur ótvírætt neikvæð áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Samkvæmt lögum um fæðingarorlof eiga foreldrar rétt á samtals níu mánaða fæðingarorlofi. Bæði mæður og feður eiga rétt á þremur mánuðum hvort, en að auki fá foreldrarnir svo þrjá mánuði sem þeir geta ráðstafað að vild. Almennt taka mæður sína þrjá mánuði og að auki alla þrjá sameiginlegu mánuðina. Aðeins um þrír af hverjum fjórum feðrum taka fæðingarorlof yfir höfuð. Þeir sem það gera taka að meðaltali einungis um 2,5 mánuði, samkvæmt bráðabirgðatölum frá Fæðingarorlofssjóði.

Margra mánaða óvissa eftir fæðingarorlofið

Að loknu fæðingarorlofi tekur við bið þar til börnin komast að á leikskóla, svokallað umönnunarbil. Ríkið hefur hingað til skilað auðu þegar kemur að leikskólavist. Engar kvaðir eru settar á sveitarfélögin um hversu gömul börn á að taka inn á leikskóla. Að meðaltali eru börn um 20 mánaða þegar þau komast inn á leikskóla. Umönnunarbilið er mislangt eftir því hvar á landinu fólk er búsett.

Áætla má út frá tölum frá Hagstofu Íslands að börn séu að meðaltali 12 til 15 mánaða þegar þau komast í dagvistun hjá dagforeldrum eða á leikskóla. Samanlagt fæðingarorlof foreldra er hins vegar aðeins níu mánuðir. Bilið sem foreldrar þurfa að brúa er því að meðaltali þrír til sex mánuðir og í sumum tilfellum, til dæmis hjá einstæðum foreldrum, mun lengra.

Ekki aðeins taka mæður almennt lengra fæðingarorlof en karlar, þær axla einnig frekar ábyrgðina á því að brúa þetta umönnunarbili en karlar. Ef barn fær dagvistun strax við 12 mánaða aldur má gera ráð fyrir því að móðirin hafi verið frá vinnu í 9,5 mánuði en faðirinn einungis í 2,5 mánuði.

Sé stjórnvöldum alvara með áherslu á kynjaða hagstjórn og sé fjárlagagerð raunverulegt tæki til að ná fram jafnrétti kynjanna er augljóst að verulegar úrbætur á fæðingarorlofsmálum og framboði dagvistunar að loknu orlofi hljóta að vera brýnt verkefni stjórnvalda.

Lengjum fæðingarorlofið og eyðum umönnunarbilinu

Kröfur BSRB eru skýrar. Lengja þarf fæðingarorlofið í 12 mánuði og tryggja öllum börnum öruggt dagvistunarúrræði að því loknu. Þetta er ekki aðeins krafa BSRB heldur einnig krafa allra heildarsamtaka launafólks, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og velferðarráðuneytisins. Það kemur skýrt fram í skýrslu starfshóps um framtíðarstefnu stjórnvalda í fæðingarorlofsmálum sem kom út í mars 2016.

> **Kröfur BSRB eru skýrar. Lengja þarf fæðingarorlofið í 12 mánuði og tryggja öllum börnum öruggt dagvistunarúrræði að því loknu.**

Með þessum breytingum væri hægt að stíga mikilvæg skref í átt að fjölskyldvænna samfélagi. Þannig yrðu réttindi barna og foreldra þau sömu og í þeim velferðarríkjum sem við viljum bera okkur saman við á Norðurlöndunum.

Reynslan sýnir að það hefur reynst vel að deila fæðingarorlofinu niður á báða foreldra, að því gefnu að hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi séu nægilega háar. Lengra orlof feðra myndi því skila jafnari skiptingu fæðingarorlofs milli foreldra. Það er lykillinn að því að jafna ábyrgð foreldra þegar kemur að umönnun barna og mun stuðla að því að fjarvera karla og kvenna frá vinnumarkaði vegna barneigna verði jafn löng og áhrifin af tímabundnu brotthvarfi af vinnumarkaði þau sömu.

Engin önnur úrræði eru í sjónmáli sem geta haft sömu áhrif. Það er óásættanlegt að fjarvera kvenna frá vinnumarkaði í hálft ár eða meira vegna fæðingarorlofs þyki sjálfsögð en viðhorfið virðist ekki jafn jákvætt gagnvart körlum. Eru karlar meira ómissandi af vinnumarkaði en konur?

Ríkið tók alla „kjarabótina“ til baka!



Björgvin Guðmundsson
viðskipta-fræðingur

Fyrrverandi ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks gumaði mikið af því, að hún gerði einhver ósköp fyrir aldraða og öryrkja frá áramótum. Lífeyrir þeirra eldri borgara, sem voru í hjónabandi og sambúð hækkaði þá um 12 þúsund krónur á mánuði og um 23 þúsund á mánuði hjá einhleypum öldruðum. Hér er átt við þá, sem hafa eingöngu tekjur frá TR. Ég hef kallað þessar „kjarabætur“ hungurlús.

Töldu hungurlúsina of mikla kjarabót

En stjórnvöld töldu þessa hungurlús of mikla kjarabót. Hún var því tekin strax til baka, m.a. með skerðingu húsaleigubóta. Fyrir áramót var hámark húsaleigubóta 22.000 kr.

Þeir sem voru með tekjur sínar eingöngu eða að stærstum hluta frá TR voru með óskertar húsaleigubætur, þar sem greiðslur skv. lögum um almannatryggingar skertu ekki bæturnar. Því var breytt frá áramótum. Þá var farið að reikna allar greiðslur frá Tryggingastofnun til lífeyrisfólks með tekjum við útreikning húsaleigubóta.

> **Ákvæði um hærri vaxtabætur féllu úr gildi 1. janúar 2014. Alls lækkuðu vaxtabætur (og barnabætur) um 57,7 milljarða 2014. Framangreindar breytingar hafa leitt til þess, að fjölmargir aldraðir og öryrkjar hafa orðið fyrir mikilli kjaraskerðingu og miklu meiri en nemur þeim litlu kjarabótum sem þeir hafa fengið.**

Öll áramótakjarabótin tekin aftur

Í dag er upphæð húsaleigubóta 31.000 kr. fyrir einn í heimili. Tekjuskerðing byrjar við 281.083 kr. á mánuði. Eldri borgari hafði samband við mig og skýrði mér frá stöðunni hjá sér. Hann hækkaði í 230 þúsund á mánuði frá TR um áramót (um 23 þús.). Auk þess hefur hann greiðslu úr lífeyrissjóði sem er talsvert innan við 100 þúsund á mánuði. Maður þessi var með húsaleigubætur en vegna aukinnar skerðingar frá áramótum sætti hann niðurskurði húsaleigubótanna, þannig að ríkisvaldið tók alla „kjarabótina“ af honum. Þannig fór um áramótakjarabótina hans.

Vaxtabætur (og barnabætur) lækkaðar um 57,7 milljarða

Ákvæði um hærri vaxtabætur féllu úr gildi 1. janúar 2014. Alls lækkuðu vaxtabætur (og barnabætur) um 57,7 milljarða 2014. Framangreindar breytingar hafa leitt til þess, að fjölmargir aldraðir og öryrkjar hafa orðið fyrir mikilli kjaraskerðingu og miklu meiri en nemur þeim litlu kjarabótum sem þeir hafa fengið. Sem dæmi má nefna, að lífeyrisþegi var með tæpar 200 þúsund í vaxtabætur en í dag fær hann engar vaxtabætur. Þær hafa verið þurrkaðar út. Þetta er veruleg kjaraskerðing hjá honum.

Það sem hér hefur verið rakið um aukna skerðingu húsaleigubóta og lækkun vaxtabóta hefur valdið öldruðum verulegri kjaraskerðingu. Auk þess hafa komugjöld í heilbrigðisþjónustu aukist, meira að segja eftir að nýtt greiðsluþak tók gildi. Dæmi um slíka hækkun: Eldri borgari þurfti að greiða 6.600 kr. fyrir viðtal við sérfræðing og blóðrannsókn eftir að nýja kerfið tók gildi. Það var 77% hækkun frá því hann fékk síðast slíka þjónustu.

FJÖLBREYTT OG KRAFTMIKIÐ SAMFÉLAG

Samfélagssjóður Vailtor veitti þann 18. maí sl. níu styrki að heildarupphæð 8 milljónir króna, en hlutverk sjóðsins er að styðja við málefni sem bæta mannlíf og efla. Við óskum þeim aðilum sem hlutu styrk til hamingju og hlökkum til að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Eftirtaldir aðilar og verkefni hlutu styrk:

- Ásta Kristín Pétursdóttir víóluleikari
- Ásta Rún Valgerðardóttir rithöfundur
- Bjargráður, félag læknanema
- Björgunarsveit Hafnarfjarðar
- Hallfríður Þóra Tryggvadóttir nemandi við Columbia University í New York
- Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri
- Sölvi Kolbeinsson saxófónleikari
- Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands – Spark Team
- Þjóðargjöf til Norðmanna – heildarútgáfa Íslendingasagna á norsku í tilefni 80 ára afmælis norsku konungshjónanna

Nánari upplýsingar um Samfélagssjóð Valitor má finna á **valitor.is/um-valitor/samfelagssjodur**

ÞÍN VELGENGNI Í VIÐSKIPTUM

VALITOR

Manchester United spilar í Meistaradeildinni tímabilið 2017-18

Evrópudeildarmeistarar í fyrsta sinn Manchester United vann 2-0 sigur á hollenska liðinu Ajax í úrslitaleik Evrópudeildarinnar á Vinavöllum í Solna í Svíþjóð í gærklvöldi. United-menn tryggðu sér ekki bara sinn þriðja titil á tímabilinu (Samfélagsskjöldurinn og deildabikarinn) heldur fá lærisveinar Jose Mourinho nú farseðil í riðlakeppni Meistaradeildarinnar á næstu leiktíð. Paul Pogba og Henrikh Mkhitaryan skoruðu mörkin í leiknum. United hefur þar með unnið allar Evrópukeppnirnar. Hér lyftir Wayne Rooney bikarnum í leikslok. NORDICPHOTOS/GETTY

Þroskandi að vera fyrirliði

Katrín Ásbjörnsdóttir, fyrirliði Stjörnunnar, hefur byrjað tímabilið frábærlega og er markahæst í Pepsi-deild kvenna með sex mörk. Katrín er laus við meiðsli og setur stefnuna á að komast í íslenska EM-hópinn.

FÓTBOLTI Það er engum ofsögum sagt að Katrín Ásbjörnsdóttir hafi byrjað tímabilið af krafti. Þessi 24 ára gamli Vesturbæingur hefur skorað í öllum fimm leikjum Stjörnunnar í Pepsi-deild kvenna, alls sex mörk. Auk þess að skora sex mörk hefur Katrín gefið tvær stoðsendingar.

Það hefur ekki bara gengið vel hjá Katrínu sjálfri heldur hefur Stjarnan farið afar vel af stað og náð í 13 stig af 15 mögulegum í fyrstu fimm umferðunum.

„Við erum sáttar og byggjum ofan á það. Við erum með 13 stig og erum ánægðar með það," sagði Katrín í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég er á góðum stað og mér líður vel. Mér finnst ég vera í góðu formi. Svo fæ ég líka að taka vítin og það hjálpar."

Meiðsli hafa gert Katrínu erfitt fyrir á undanförnum árum. Í fyrra spilaði hún t.a.m. aðeins 12 deildarleiki en skoraði samt níu mörk. Árið 2015, þegar Katrín lék í Noregi, sleit hún liðbönd í ökkla og missti þ.a.l. af seinni helmingi tímabilsins. Hún segist laus við meiðsli í dag.

„Ég er meiðslalaus og hef verið það í langan tíma. Þetta lofar góðu og vonandi heldur það áfram," sagði Katrín sem fékk fyrirliðabandið hjá Stjörnunni í vor eftir að Ásgerður Stefanía Baldursdóttir þurfti að draga sig í hlé vegna þess að hún er barnshafandi. En hefur fyrirliðastaðan breytt einhverju fyrir Katrínu?

„Eflaust eitthvað. Það er meiri ábyrgð og mér finnst þetta hafa

Katrín í leik gegn uppeldisfélaginu KR sem Stjarnan mætir í 16-liða úrslitum Borgunarbikarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þroskað mig," sagði Katrín sem ætlar að halda fyrirliðabandinu þegar Harpa Þorsteinsdóttir snýr aftur á völlinn seinna í sumar. „Ég ætla bara að gera það. Hún fær ekki að taka það af mér," sagði Katrín í léttum dúr.

Fyrir hálfu ári hafði Katrín aðeins leikið tvo A-landsleiki. Eftir tímabilið í fyrra var hún valin í íslenska landsliðshópinn sem fór á æfingamót í Kína. Katrín kom inn á sem varamaður í fyrsta leik mótsins gegn Kínverjum og skoraði jöfnunarmark Íslendinga þegar fjórar mínútur voru til leiksloka.

Síðan þá hefur Katrín komið við sögu í öllum landsleikjum Íslands og það verður að teljast líklegt að hún verði í hópnum sem fer á EM í Hollandi í júlí. Katrín stefnir allavega þangað.

„Jú, auðvitað. Ég hugsa fyrst um Stjörnuna og svo kemur EM. Maður þarf að passa sig að hugsa ekki of mikið um það á þessari stundu. Maður þarf að klára þetta með Stjörnunni út júní og svo kemur EM," sagði Katrín

„Maður er alltaf aðeins að hugsa um þetta. En maður þarf að passa sig á að gleyma ekki Stjörnunni. Þetta er maraþon í maí. ingvithor@365.is

Nýjast

Pepsi-deild kvenna

Breiðablik - KR 6-0
1-0 Fanndís Friðriksd. víti (2.), 2-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (29.), 3-0 Fanndís (30.), 4-0 Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir (35.), 5-0 Berglind (56.), 6-0 Berglind (63.)

Fylkir - Haukar 1-1
0-1 Marjani Hing-Glover (18.), 1-1 Jasmín Erla Ingadóttir (90.+3).

Efri		Neðri	
Breiðablik	15	Valur	6
Þór/KA	15	Grindavík	6
Stjarnan	13	Fylkir	4
ÍBV	10	Haukar	1
FH	9	KR	0

ARON UNGVERSKUR MEISTARI

Aron Pálmarsson og félagar hans í Veszprém tryggðu sér ungverska meistaratitilinn í gærkvöldi þrátt fyrir 30-27 tap á móti Pick Szeged. Veszprém vann 50-47 samanlagt og er því meistari tíunda árið í röð. Aron skoraði fimm mörk í leiknum þar af þrjú á lokakaflanum. Hann var að vinna þennan titil annað árið í röð.

MEISTARARNIR OG TOPPLIÐIÐ

Bikarmeistarar Breiðabliks munu fá lið Þórs/KA í heimsókn í sextán liða úrslitum Borgunarbikars kvenna en Akureyrarliðið var á toppi Pepsi-deildarinnar þegar sjötta umferðin hófst í gær.

Tveir aðrir Pepsi-deildarslagir eru í sextán liða úrslitunum en FH tekur á móti Val og Íslandsmeistarar Stjörnunnar fara í Vesturbæinn og mæta KR. Aðrir leikir eru: Þróttur R.-Haukar, Sindri-Grindavík,Selfoss-ÍBV, Tindastóll-Fylkir og HK/Víkingur-Fjölnir.

LOGI TEKUR VIÐ Á MIÐJU SUMRI Á TÍU ÁRA FRESTI

Logi Ólafsson var í gær ráðinn eftirmaður Milos Milojevic hjá Víkingum og mun stýra liðinu í fyrsta sinn á móti KA á Akureyri á laugardaginn. Logi er því að koma aftur í Víkina eftir 25 ára fjarveru en hann stimplaði sig inn sem þjálfari í efstu deild karla fyrir rúmum aldarfjórðungi síðan. Samningurinn er til tveggja ára. Logi þjálfaði líka Víkinga á árunum 1990 til 1992 og gerði liðið þá að Íslandsmeisturum sumarið 1991. Liðið hefur ekki unnið Íslandsmeistaratitilinn eftir að Logi yfirgaf Víkina.

Þetta er áttunda starf Loga í efstu deild karla og í þriðja sinn sem hann tekur við liði á miðju tímabili. Logi tók einnig við ÍA 1997 og KR 2007 á miðju tímabili. Það er skemmtileg staðreynd að það skuli alltaf líða tíu ár á milli.

Í dag

20.00	Dean & Deluca	Golfstöðin
20.30	Volvik Champ.	Sport 4
00.30	Boston - Cleveland	Sport

Pepsi-deild kvenna:

14.00	Þór/KA - ÍBV	Þórsvöllur
19.15	Valur - Grindavík	Valsvöllur
19.15	FH - Stjarnan	Kaplakriki

Inkasso-deildin:

14.00	Leiknir - Leiknir F.	Leiknisv.
19.15	Keflavík - Selfoss	Keflavík

Sumarsæla í Múrbúðinni

MÚRBÚÐARVERÐ

Kailber KG-1503 gasgrill
3 x 3KW brennarar,
grillflötur 2520 cm2, 9KW
39.900

Kailber -KG-2 Gasgrill
4x3,5KW brennarar,
grillflötur 303,6 cm²,14KW
52.880

Kaliber PREMIUM GRILL

KJÖRIÐ Í BÚSTAÐINN

Kailber Ferðagasgrill
2x2,5KW brennarar, grillflötur
196,0cm², 5KW
Vagn fylgir með
29.980

Kaliber King Gasgrill.
5x3.5kw brennarar,
grillflötur 815x460mm,
17.5KW.
59.980

24.990
Lavor Space 180 háþrýstidæla
180 Max bar
510min Litrar
Pallahreinsir, bursti
og aukaspíssar.

Made by Lavor

Grilláhöld 3 stk.
í setti kr. **1.380**

Grillbursti kr. **480**

12.490
Lavor One Plus 130 háþrýstidæla
130 Max bar
420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar,
sápubrúsi
& Turbóstútur.

39.990
MOWER CJ18
BS 3,5hp Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 158 CC,
skurðarvídd 46cm/18".
Safnpoki að aftan 60 L,
skurðhæð og staða
25-85mm/8

CE/GS VOTTUN

BRIGGS & STRATTON ®

62.990
MOWER CJ20
Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp
Briggs&Stratton mótor. Rúmtak
190 CC, skurðarvídd 51cm/20",
sjálfknúin 3,6 km/h, safnpoki
að aftan 65 L, hliðar
útskilun, skurðhæð og
staða 25-75mm/8

66.990
MOWER CJ21
Sláttuvél 53cm m/drifi, BS 6,0 hp
Briggs&Stratton mótor. Rúmtak
190 CC, skurðarvídd 53cm/21",
sjálfknúin 3,4 km/h. Safnpoki
að aftan 65 L, hliðar
útskilun. Skurðhæð og
staða 25-80mm/8

INDUCTION MOTOR POWERED

Lavor Vertico 20 háþrýstidæla
140bör 400 min ltr.
29.990
MJÖG ÖFLUG
dæla 16,7kg

MOWER sláttuorf
0,7KW 31CC
Skurðarbreidd
255 > 480mm
21.990

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Steypugljái á stéttina – þessi sem endist

Plast blómapottar mikið úrval, litir og stærðir

DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar
5.980

1 líter kr.
1.580

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-14
	Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is	

OPIÐ MILLI 10-16 Á UPPSTIGNINGARDAG

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Fyrirvari um prentvillur.

GÆÐASKÓFLUR

Verð frá **2.190,-**

2.390,-

1.690,-

1.790,-

1.790,-

Laufhrífa
890

Malarhrífa
1.890,-

MIKIÐ ÚRVAL

Tia - Garðverkfæri
440-490 kr. pr. stk.

Strákústur 30cm breiður
695

Gróðurmold 20 l
490
40 l kr. 890

Blákorn 5 kg
1.190

Leca blómapottamöl 10 l.
990

Haki
2.490,-
MIKIÐ ÚRVAL

Truper Exi, 1.5kg, 43" Hickory Skaft
3.295

Garðskafa
1.490,-

Mei-9961390 Garðyfirbreiðsla
695

Garðúðari. Ál, 3 arma.
1.995

Truper 10574
1.895,-

Trup hekkklippur 23060
1.245

Meister - Úðabyssa með stillanlegu skafti
1.990

Pretul greinaklippur
895

Mei-9961400 Sterkur Hellu & jarðvegsdúkur 10m²
2.690

Garðkanna 10 L
895

Tia - hekkklippur 60 cm
1.990

Truper 24" greinaklippur
2.295

Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116-180cm, hraðtengi með lokun
2.390

10 lítra bensínbrúsi
1.290

Truper 15" garðverkfæri
Verð **695**/stk

Lokað slönguhjól 20m 1/2"
8.990

Slönguvagn á hjólum 1/2" f/50 metra
1.990

Cibon Fúgu vírbursti
3x10 laga m/skafti
1.490

Truper garðhanskar
495

Hjólbörur 80L
3.990

Greinasög 12"
1.290

Proflex Nitril vinnuhanskar
395

Sterkir Cibon strákústar
45cm **1.395 kr.**
60cm **1.895 kr.**

Slöngusamtengi
150
(mikið úrval tengja)

Mei-9957210 Skilrúm í garðinn 9mx15cm
995

PRETUL úðadæla 5 l. Trup 24685
2.490

25 stk. 110 lítra ruslapokar **995**
Einnig 200 lítra 10 stk. kr. 795 (65my)

Öflugar hjólbörur 90 lítra
8.590

MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM

Garðkarfa 25L
995
einnig fáanleg 50 lítra karfa kr. **1.590**

15m Garðslanga með tengjum
1.395

Fólk

FIMMTUDAGUR 25. MAÍ 2017

Tíska

Fatahönnuðurinn Jóhanna Ey hefur hannar bindi úr laxaleðri sem eru fóðruð með hrásilki. Bindin sýndi hún á Handverki og hönnun.

Tíska →4

Ertu með ofnæmi?

Prevalin allergy er nefúði við frjókorna-, gæludýra- og rykmauraofnæmi. Prevalin allergy nefúðinn kemur í veg fyrir ofnæmiseinkenni með því að mynda örþunna himnu í nefi sem ofnæmisvakar komast ekki í gegn um. →2

20% afsláttur af öllum yfirhöfnum

Fallegt, fágað og töff

comma,

SMÁRALIND

Framhald af forsíðu

Það er komið sumar, sólin skín og náttúran vaknar. Um leið finna margir fyrir ofnæmi, sér í lagi frjókornaofnæmi sem er eitt það algengasta. Frjókornaofnæmið kemur fram í nefi og augum, helstu einkennin eru kláði í augum, hnerri, stíflað nef eða nefrennsli. Þessi einkenni geta valdið töluverðum óþægindum. Því er gott að geta gripið til einhverra ráða þegar dvelja á undir berum himni í sumar. „Prevalin dregur úr ofnæmisviðbrögðum með því að gera ofnæmisvaka í nefinu óvirka, það örvar úthreinsun og myndar örþunna hlauphimnu sem ofnæmisvakar komast ekki í gegn um," segir Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi lausasölulyfja hjá Artasan. Hún bendir á að Prevalin Allergy megi nota við ofnæmi fyrir frjókornum, gæludýrum og rykmaurum. Þórhildur tekur fram að Prevalin Allergy sé ekki lyf, það innihaldi ekki andhistamín eða stera og sé þar af leiðandi ekki slævandi. „Prevalin Allergy inniheldur engin rotvarnarefni, alkóhól eða ilmefni. Prevalin Allergy er hlaup sem verður að vökva þegar það er hrist og því er mikilvægt að hrista flöskuna vel fyrir notkun," útskýrir Þórhildur. Hún segir að bæði megi nota Prevalin Allergy sem fyrirbyggjandi lausn en einnig við upphaf ofnæmiseinkenna. Notkun: 1-2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á dag. Prevalin Allergy virkar hratt en hámarksvirkni er náð strax eftir þrjár mínútur. Síðan getur það virkað í allt að sex tíma.

HÁMARKS-VIRKNI Á 3 MÍNÚTUM

1-2 ÚÐAR Í HVORA NÖS 2-3 SVAR Á DAG

Prevalin fæst í apótekum um land allt.

Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi lausasölulyfja hjá Artasan.

Kostir

- Hámarksvirkni á þremur mínútum
- Ekki slævandi
- Ekki lyf, er andhistamín- og sterafrítt
- Fyrir 12 ára og eldri, hentar einnig þunguðum konum og konum með barn á brjósti

Staðfest virkni gegn

- Hnerra
- Stífluðu nefi
- Nefrennsli
- Ertingu í augum

Klaufin á Cannes

Bella Hadid vakti nokkra athygli á kvikmyndahátíðinni í Cannes í fyrra fyrir að klæðast þokkafullum kjól með hárri klauf. Klaufin virðist hafa orðið að tískusveiflu þetta árið.

Bella Hadid í kjól frá Vauthier.

Susan Sarandon í flauelskjól.

Emily Ratajkowski.

Deepika Padukone.

Uma Thurman í Cannes þetta árið. Hér er hún í kjól frá Atelier Versace.

GiGi úrin koma í takmörkuðu upplagi!

Tommy Hilfiger úrin fást hjá: GÞ,Bankastræti. Jón&Óskar, Laugavegi,Kringlunni og Smáralind. Meba, Kringlunni og Smáralind. Klukkan, Hamraborg Kópavogi. Halldór Ólafsson, Glerártorgi Akureyri. Karl R. Guðmundsson, Selfossi. GÞ,Bankastræti.

Sumar Buxur :-)

Kvartbuxur
kr. 6.900.-
Str. 36-52
2 litir

Síðar buxur
Kr. 7.900.-
Str. 36-52
7 litir

Rita
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
Við erum á Facebook

Bindin, sem eru unnin úr laxaleðri og fóðruð með hrásilki, eru falleg og litrík. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

Kannar nýjar og spennandi slóðir

Fatahönnuðurinn Jóhanna Ey hefur lengi unnið með fiskileður. Síðasta haust hóf hún að hanna bindi úr laxaleðri sem eru fóðruð með hrásilki. Bindin sýndi hún á Handverki og hönnun.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Litfögur bindi úr fiskileðri voru meðal þeirra hönnunarvara sem voru til sýnis á Handverki og hönnun sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur í upphafi þessa mánaðar. Bindin eru hugarfóstur fatahönnuðarins Jóhönnu Eyjar Harðardóttur sem útskrifaðist frá Köbenhavns mode- og designskole árið 2009. Undanfarin ár hefur hún hannað ýmsar flíkur á borð við kjóla og kápur en fyrir þremur árum hóf hún að prófa sig áfram með nýtingu á fiskileðri. „Ég hef alltaf verið að vinna með fiskileður inn á milli en á þessum tímapunkti fór ég að skoða hvaða möguleikar væru í stöðunni varðandi leðrið. Síðasta haust fór ég að vinna að sniði á bindi og prófa mig áfram með mismunandi týpur af leðri. Öll bindin eru úr laxaleðri, fóðruð með hrásilki. Það tók smá tíma að útfæra þau þar til ég varð sátt við útkomuna enda hafði ég gengið með þessa hugmynd í maganum lengi.“

Jóhanna Ey Harðardóttir fatahönnuður. MYND/GUNNHILDUR GÍSLADÓTTIR

> Það tók smá tíma að útfæra þau þar til ég varð sátt við útkomuna enda hafði ég gengið með þessa hugmynd í maganum lengi.
>
> Jóhanna Ey Harðardóttir

Góðar móttökur

Í febrúar árið 2010 tók Jóhanna Ey þátt í Bridge to Innovation sem var liður í tískuviku Kaupamannahafnar fyrir unga og upprennandi hönnuði. „Þar sýndi ég fyrstu línuna sem ég hannaði og kynnti hana einnig á Handverki og hönnun í nóvember sama ár. Sú lína fékk góðar móttökur og voru kápurnar í þeirri línu sérstaklega vinsælar. Vorið 2011 tóku barneignir við og þá tók ég aðeins að mér sérverkefni eins og útskriftar- og brúðarkjóla. Veturinn 2015 til 2016 byrjaði ég svo af fullum krafti að vinna meira að fatahönnun aftur.“

Full af hugmyndum

Jóhanna Ey segist alltaf hafa haft þörf fyrir að skapa og kanna nýjar slóðir. Nú stundar hún nám í húsgagnasmíði og líkar afar vel við námið. „Þegar ég sótti um fatahönnunarnámið datt mér ekki í hug að þetta væri eitthvað sem ég gæti svo unnið við í framtíðinni. Frekar tengdi ég námið við áhuga minn á því að sauma, teikna og skapa nýja hluti. Þegar ég byrjaði í skólanum áttaði ég mig á því að námið var mikið meira en bara það, mér finnst þetta svo ótrúlega gaman að ég hef ekki viljað gera annað síðan.“

Hún stefnir á að koma með fleiri vörur á markað úr fiskileðri á næstunni. „Svo er kollurinn uppfullur af spennandi hugmyndum og munu einhverjar þeirra líta dagsins ljós á næstunni.“

Hönnun Jóhönnu má skoða á www.jey.is.

BIOTHERM KYNNING

Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI
MIÐVIKUDAG TIL SUNNUDAGS

SKIN FITNESS LÍNAN ER HÖNNUÐ AF SÉRHÆFÐUM ÍÞRÓTTALÆKNUM.

Vörurnar eru með fríska og létta áferð sem hentar sportlegum lífsstíl.

20% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM BIOTHERM DÖMU OG HERRAVÖRUM

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 7.800 krónur eða meira, á meðan birgðir endast.

Purifying & Cleansing body foam er þétt og rík hreinsifroða sem gefur húðinni mýkt. Froðan slípar húðina, fjarlægir dauðar húðfrumur, frískar og jafnar áferð húðarinnar.

Instant smoothing & moisturizing body treatment er létt líkamsgel sem gefur samtundis raka. Það er einstaklega frískandi, mýkir, róar og rakanærir húðina.

Firming & recovery body emulsion kremið er kælandi, styrkjandi og þéttir húðina. Gefur frískandi og góðan raka. Inniheldur kamforu sem hjálpar þreyttum og stífum vöðvum með verkjastillandi og bólgueyðandi eiginleikum.

Fullkomnaðu líkamsræktina með stinnari og fallegri húð.

Lyf & heilsa
Kringlunni

Hér er Þórhildur í jakka frá Basler og svartri blússu frá Devernois. MYND/ANTON BRINK

Veik fyrir skóm

Þórhildur Gísladóttir er kameljón þegar kemur að tísku. Hún blandar saman ólíkum flíkum og skapar sér sína eigin tísku.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Þórhildur stendur vaktina einu sinni í viku í búð Rauða krossins við Skólavörðustíg og finnst það svo gaman að hún tekur allar aukavaktir sem bjóðast. „Ég var fyrir löngu síðan búin að ákveða að verða sjálfboðaliði ef ég fengi tækifæri til þess. Ég skráði mig hjá Rauða krossinum í janúar og fljótlega var haft samband við mig, enda vantar alltaf fólk til sjálfboðaliðastarfa, bæði í búðirnar og til að flokka fatnað, auk heimsóknarvina. Þetta er svo skemmtilegt og gefandi og ég hitti alls konar fólk gegnum starfið."

Spáir þú mikið í tísku? „Já, ég geri það en ég verð að viðurkenna að fatasmekkur minn hefur breyst töluvert frá því að ég fór að vinna í Rauðakrossbúðinni. Ég er orðin algjört kameljón þegar kemur að tísku og er farin að blanda meira saman ólíkum stílum, sem ég gerði ekki áður. Ég er komin inn á það að maður skapar sér sína eigin tísku og þarf ekkert að fara eftir því sem einhver segir manni að vera í. Ef mér finnst einhver flík flott og hún klæðir mig vel, þá er það tískan mín. Mér er alveg sama þótt öðrum finnst það ekkert flott."

Hvar kaupir þú helst fötin þín? „Ég kaupi langmest af mínum fatnaði í Rauðakrossbúðinni. Í gegnum tíðina hef ég keypt mest á netinu, annaðhvort á erlendum síðum eða sölusíðum á Facebook eða bland.is."

Hver er þinn helsti veikleiki þegar kemur að tísku? „Ég er pínu skósjúk. Núna er ég með æði fyrir skóm frá Irregular Choice en ég kaupi þá á erlendum netsíðum."

Hvaða flík er í mestu uppáhaldi hjá þér? „Nýi, fjólublái loðjakkinn minn sem ég keypti mér á fyrstu vaktinni minni í Rauðakrossbúðinni. Hann er í miklu uppáhaldi. Fyrst þegar ég byrjaði að vinna í búðinni freistaðist ég oft til að kaupa eitthvað sem mér fannst fallegt en með tímanum verðum við sjálfboðaliðarnir sjóaðir og þössum okkur á að kaupa ekkert nema það sem okkur bráðvantar. Þarna fær maður náttúrlega miklu meira fyrir peninginn en víða annars staðar."

Hvernig föt eru vinsælust í Rauða kross búðinni? „Það er í raun mismunandi eftir búðum. Búðin við Skólavörðustíg er aðeins dýrari en hinar en þar eru til sölu merkjavörur og finni föt. Merkjavörurnar seljast mjög vel, svo sem kjólar, buxur og íþróttaskór. Þetta flýgur allt út, enda er þetta fatnaður sem er eins og nýr. Þarna er mikið af gulli og gersemum."

Fjólublái jakkinn er í miklu uppáhaldi. Hann er frá ROSE surk young co. MYND/ANTON BRINK

Toppur frá J.Crew, SAND pils, skór frá Irregular Choice. MYND/ANTON

> Ef mér finnst einhver flík flott og hún klæðir mig vel, þá er það tískan mín.

Meindýr & myglusveppir

Kynningar:
Efla
Mannvit
A.Þ. þrif
Íshúsið

FIMMTUDAGUR 26.MAÍ 2017

Kristín Sigurðardóttir er slysa- og bæklunarlæknir og einn sex lækna úr 30 manna árgangi í læknisfræðinni sem þurft hefur frá að hverfa úr starfi á Landspítala og heilsugæslu vegna sjúkdómseinkenna af völdum rakaskemmda og myglu á vinnustað. MYND/EYÞÓR

gæði – þekking – þjónusta

BIÐRAÐAKERFI - FÆRIBÖND - DEIG- & RASPVÉL - BRÝNI
MÁLMLEITARTÆKI - ÁLEGGSHNÍFAR - HAKKAVÉLAR
HAMBORGARAVÉLAR - KJÖTSAGIR - ROÐFLETTIVÉLAR

FLUGNABANAR

Kynningartilboð á nýrri gerð flugnabana sem uppfylla nýjustu kröfur um hreinlæti

GOTT VERÐ
FliBlade 26
Áður 20.238,- NÚ 16.191,-

pmt
PLAST, MIÐAR & TÆKI

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

Komið að skuldadögum

Á læknadögum fyrr á árinu var haldið málþing um rakaskemmdir í húsnæði og áhrif þess á heilsu að frumkvæði Kristínar Sigurðardóttur, slysa- og bráðalæknis. →2

Framhald af forsíðu

Læknadagar eru haldnir á ári hverju af Fræðslustofnun Læknafélags Íslands og fóru fram í Hörpu í janúar. Meðal dagskrárliða á Læknadögum nú var málþingið „Áhrif umhverfis á öndunarfæri og ónæmiskerfi; Rakaskemmdir í húsnæði og áhrif á heilsu“, að frumkvæði Kristínar Sigurðardóttur, slysa- og bráðalæknis.

Ástæðan fyrir þessu málþingi á Læknadögum, sem skipulagt var með félögum lungna- og ofnæmislækna, var sú staðreynd að heilsutjón af völdum rakaskemmda í húsnæði og myglu virðist vaxandi vandamál í íslensku samfélagi. Mér þótti mikilvægt að við reyndum að átta okkur á umfangi vandans og fá um hann fordómalausa og faglega umræðu. Því var kallað að borðinu fagfólk í læknastétt, sem hefur meðhöndlað fólk sem þjáðst hefur af þessum heilsufarsvanda, sem og efahyggjufólk til að ræða saman á gagnrýninn hátt. Það er áríðandi vegna þess að heilsutjón af völdum myglu og rakaskemmda hefur hingað til verið misjafnlega vel viðurkennt en á sama tíma verðum við að horfast í augu við þann veruleika að við erum með lasið fólk og þurfum að hjálpa því að komast til heilsu.“

Kristín þurfti sjálf að hverfa frá störfum sem bráðalæknir á Landspítalanum vegna sjúkdómseinkenna af völdum rakaskemmda og myglu á vinnustaðnum. Á sviðið í Hörpu stigu fleiri læknar sem hafa veikst í heilsuspillandi húsnæði í starfi.

„Við sögðum stuttlega frá okkar sögu og líka hvaða neikvæðu

Kristínu þótti þungbært að geta ekki unnið lengur á spítalanum enda sjúkrahúslæknir af lífi og sál.

áhrif þetta getur haft á þá starfsemi sem á að fara fram á vinnustaðnum, og hvað þá mögulega á sjúklingana. Við erum sex af um þrjátíu manna árgangi í læknisfræðinni sem hafa veikst vegna þessa, fjórir læknar á LSH og tveir í húsnæði heilsugæslu.“

Kristín segir þungbært að geta ekki unnið á spítalanum.

„Ég var sjúkrahúslæknir af lífi og sál og þetta var það sem ég hafði menntað mig til. Fleiri starfsmenn Landspítalans hafa fundið fyrir einkennum vegna húsnæðisins og einhverjir hafa þurft að hætta í starfi á spítalnum vegna veikinda tengdra því.“

Á tímum uppsveiflu í íslensku hagkerfi og yfirstandandi góðæris þykir Kristínu vansi að Landspítalinn njóti þess ekki, meðal annars í viðhaldi á húsakosti.

„Mér þykir mjög miður hvernig farið hefur verið með Landspítalann; við urðum í reynd aldrei vör við góðæri þar. Í alltof langan tíma hefur húsnæði LSH ekki verið viðhaldið sem skyldi og fé sem hefði þurft í að veita viðhald þurft að nýta í rekstur. Nú er komið að skuldadögum. Viðurkennt er að víða í húsnæði spítalans finnast rakaskemmdir með þeim örveruvexti sem því getur fylgt. Mér finnst líka algjörlega óásættanlegt í okkar þjóðfélagi að við bjóðum veikasta fólkinu í landinu upp á heilsuspillandi húsnæði, ásamt öllu því góða starfsfólki sem reynir að sinna því eftir bestu getu, stundum á kostnað eigin heilsufars. Það er brýnt að umræðan um þennan vanda sé fagleg og fordómalaus. Við þurfum frekari rannsóknir, að leita úrræða og allra leiða til að koma í veg fyrir heilsuspillandi húsnæði.“

Pendo matsmenn

Ástandsskoðanir Kostnaðarmöt
Mygluskoðanir Söluskoðanir
Tjónamöt Markaðsmöt
Hitamyndun Rakamælingar
Leiguskoðanir
Loftþéttleikamælingar húsa
Eignaskiptayfirlýsingar

Pendo ehf – pendo@pendo.is

Ýmsir sjúkdómar tengjast myglu

Unnur Steina Björnsdóttir er sérfræðingur í lyflækningum, ofnæmissjúkdómum og ónæmisfræði. Hún segir viðurkennt innan læknastéttarinnar að mygla og rakaskemmdir hafi slæm áhrif á heilsufar en mörgu sé enn ósvarað. Sjúkdómseinkenni vegna rakaskemmda og myglu í húsnæði eru ekki nýtt vandamál enda til heimildir allt frá árinu 1974 þar sem Jón Pétursson læknir lýsir þessu á Íslandi.

„Ofnæmi og astmi tengt myglu er vel rannsakað,“ segir Unnur Steina. „Það er ljóst að bæði eru ofnæmi og astmi algengari nú, auk þess að vera erfiðari viðureignar ef menn dvelja í húsnæði þar sem fyrir er raki og mygla. Einnig að börn sem dvelja á fyrsta aldursári í umhverfi þar sem er mygla, eru líklegri til að mynda með sér bæði ofnæmi og astma síðar á lífsleiðinni.“

Unnur Steina segir mikilvægt að greina ofnæmi og astma með húðprófum, blóðrannsóknum og öndunarmælingum, auk þess að taka góða sjúkrasögu. Síðan er ráðlagt að forðast húsnæði sem geti verið heilsuspillandi og valdið þessum einkennum. Á hinn bóginn séu fæstir þeirra sem hafa einkenni tengd rakaskemmdum í húsnæði með jákvæð húðpróf fyrir myglu. Mögulegt sé að annars konar ræsing á ónæmiskerfinu eigi sér stað.

„Dvöl í mygluhúsnæði getur líka valdið því að einstaklingur svari síður meðferð, til dæmis innúðasterum. Astmi og ofnæmi sem tengist myglu er meðhöndlað með hefðbundinni meðferð: innúðasterum, berkjuvíkkandi lyfjum og andhistamínum, eftir alvarleika sjúkdómsins. Mikilvægast er þó að sjúklingurinn dvelji ekki í húsnæði þar sem grunur er um

Læknarnir María I. Gunnbjörnsdóttir, Unnur Steina Björnsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Dóra Lúðvíksdóttir og Sigríður Ólína Haraldsdóttir skipulögðu málþing um tengsl rakaskemmda og sjúkdóma á Læknadögum í janúar í samstarfi við Félag ofnæmislækna og Félag lungnalækna, með stuðningi Læknafélags Íslands. MYND/LÆKNABLAÐIÐ

rakaskemmd eða myglu,“ upplýsir Unnur Steina og bætir við: „Í raun er ekki til önnur meðferð við þessum einkennum en sú að ganga út og forðast húsið sem veldur þeim. Rannsóknir hafa verið gerðar á lyfjum við einkennunum en þær eru ekki komnar nógu langt til að hægt sé að slá neinu föstu.“

Að sögn Unnar Steinu hefur öðrum einkennum verið lýst og af sumum talin tengjast myglu, svonefnt CIRS (Chronic inflammatory response syndrome). Rannsóknir á þessum tengslum eru enn skammt á veg komnar og enn síður á meðferð. Eitthvað hefur verið reynt að gefa lyfið Questran, sem notað er til lækkunar á blóðfitu, en virka efnið í því er nefnt cholestyramín. Hins vegar er ekki ábending fyrir notkun lyfsins við þessum einkennum.

„Til að lausnir finnist á mygluvanda þarf aukinn vilja og áhuga yfirvalda og stjórnenda fyrirtækja og stofnana að rannsaka frekar áður en skaðinn magnast. Það þarf að skoða hvort breyta þurfi byggingaraðferðum hér á landi til að koma í veg fyrir vandann. Læknisfræðilega er orsakasamband myglu og þessara sjúkdóma enn umdeilt. Vitað er að um 20 prósent þeirra sem dvelja í rakaskemmdu húsnæði veikjast. Því er nauðsynlegt að rannsaka hvers vegna sumir eru næmir en aðrir ekki; hvaða þættir valda veikindunum og hvaða ráð eru til að bæta heilsu þeirra sem þegar eru veikir,“ segir Unnur Steina.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is

Spyr ekki um stétt eða stöðu

Þrátt fyrir mikla vitundarvakningu meðal landsmanna þegar kemur að heilsubresti í tengslum við rakaskemmdir ríkja enn nokkrir fordómar í samfélaginu.

„Landsmenn eru að átta sig á að í sumum tilfellum má rekja vanlíðan og kvilla til þess húsnæðis sem þeir búa eða starfa í," segir Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, fagstjóri hjá EFLU. MYND/ANTON BRINK

Mikil vitundarvakning hefur orðið meðal landsmanna undanfarin ár í tengslum við heilsubrest hjá annars hraustum einstaklingum sem stundum má rekja til rakaskemmda í íbúðar- og atvinnuhúsnæði, að sögn Sylgju Daggar Sigurjónsdóttur, fagstjóra hjá verkfræðistofunni EFLU. „Raka- og mygluvandamál eru ekki ný af nálinni, hvorki hérlendis né erlendis. Heimildir frá biblíutímum og íslenskar heimildar allt frá 18. öld eru til vitnis um það. Landsmenn eru að átta sig á að í sumum tilfellum má rekja vanlíðan og kvilla til þess húsnæðis sem þeir búa eða starfa í. Hluti þeirra mála sem hafa komið upp undanfarin ár tengjast hraðri uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, efnisvali, byggingaraðferðum, hönnun, viðhaldsmálum og hegðun notenda."

Þannig að ýmsir ólíkir þættir geta haft áhrif, segir Sylgja. „Rakavandamál finnast í húsum frá öllum tímabilum. Miðað við þær samanburðarrannsóknir sem eru til virðist sem staðan hér á landi sé verri en í nágrannalöndum okkar en það liggur þó ekki alveg fyrir hversu umfangsmikið vandamálið er."

Þannig gefi rannsóknir til kynna að örveruvöxtur sé t.d. algengari í steypu hér á landi en þann þátt sé þó enn verið að rannsaka. „Hér á landi eru almennt ekki nógu strangir verkferlar þegar kemur að nýbyggingum og má nefna að byggingarefni eru oft óvarin fyrir veðri og vindum á byggingartíma. Byggingarefni eru ekki rakamæld, þéttleikamælingar þekkjast varla og lekaprófanir eru sjaldan framkvæmdar. Við eigum búnað til loftþéttleikamælinga á rakavörn en eftirspurn er engin, samt er skýr í byggingarreglugerð krafa um ákveðinn þéttleika rakavarnar."

Enn miklir fordómar

Þrátt fyrir aukna þekkingu meðal landsmanna eru þó enn talsverðir fordómar í garð þeirra sem veikjast vegna raka og myglu í húsnæði með þeim afleiðingum að fólk forðast að segja frá aðstæðum sínum og leitar sér síður hjálpar. „Fordómar geta komið úr öllum áttum og má þar nefna t.d. maka, fjölskyldumeðlimi, vini, samstarfsfélaga og fagfólk sem tengist þessum málum. Því miður er enn þá stór hluti þessara hópa sem leyfir sér að fullyrða að rakaskemmdir eða skert loftgæði hafi engin eða lítil áhrif á heilsufar."

Máli sínu til stuðnings bendir Sylgja á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, og aðrar ráðandi heilbrigðisstofnanir, hafa gefið út að raki og mygla í húsnæði sé áhættuþáttur þegar kemur að heilsu. „Rökræður þess efnis eiga

Þverfaglega teymið Hús og heilsa hjá EFLU býður upp á margvíslega þjónustu þegar kemur að rannsóknum og fyrirbyggjandi aðgerðum sem snúa að heilnæmri innivist.

Dúkur á gólfi skemmdur af raka. Oft er ekkert sjáanlegt þar sem raki og mygla leynist undir dúk.

því ekki að þurfa að eiga sér stað og tímanum væri betur varið í að horfast í augu við vandann, hugsa í lausnum og halda húsunum okkar þurrum og heilum frá upphafi til enda."

Sylgja segir opinberar stofnanir, tryggingafélög, fyrirtæki í byggingariðnaði, leigufélög, heilbrigðisstarfsmenn og annað fagfólk lengi hafa verið tregt til að viðurkenna tilvist þessa vanda og að hann sé ekki hugarburður. „Það hefur þó breyst jafnt og þétt undanfarin ár. Því miður eru þó enn inn á milli starfsmenn stofnana og fyrirtækja sem draga úr alvarleika vandans og afneita honum jafnvel alveg. Slíkt háttalag getur verið skaðlegt þeim sem hafa viðveru í rakaskemmdu húsnæði. Markmið okkar hjá EFLU er að minnka þörf og fækka fyrirspurnum með fyrirbyggjandi aðgerðum enda eru þessi mál mjög erfið fyrir alla aðila sem að þeim koma. Við stefnum að því að vera í fyrirbyggjandi verkefnum til dæmis á hönnunarstigi í byggingareðlisfræði."

Ýmis þjónusta í boði

Starfsmenn EFLU hafa skoðað um 7.000 byggingar og hafa því góða reynslu á þessu sviði og bjóða upp á margvíslega þjónustu þegar kemur að rannsóknum og fyrirbyggjandi aðgerðum sem snúa að heilnæmri innivist. „Við getum t.d. rýnt í teikningar, reiknað raka- og varmaflæði og fundið möguleg áhættusvæði vegna rakauppsöfnunar í byggingarhlutum. Rannsóknir geta verið flóknar og í fæstum tilfellum dugar sjónskoðun ein og sér. Aðferðir okkar eru margvíslegar og má helst nefna rakamælingar, þrýstingsmælingar, hitamyndun, agna- og loftgæðamælingar og sýnatökur. Aðrir þættir sem snerta innivist eru einnig skoðaðir. Mikilvægt er að skoða alla þætti í samhengi, bæði húsnæði og notendur, til þess að geta dregið ályktun og komið fram með tillögur að lausn."

Spurð um hvað hinn almenni húseigandi geti gert til að fyrirbyggja raka- og mygluvandamál, segir Sylgja að þar skipti mestu máli að hugsa vel um húsið sitt. „Eigninni þarf að halda við þannig að ef leki kemur í ljós þarf strax að leysa málið á réttan hátt og fjarlæga um leið rakaskemmd byggingarefni. Ef brugðist er fljótt við má í mörgum tilfellum fyrirbyggja verulegt tjón. Eftir því sem við frestum lengur að gera við skemmdir eykst tjónið. Síðan ættu allir að eiga loftrakamæli til að fylgjast með loftraka innandyra, fylgjast með gluggum og móðu á þeim auk þess að skoða þéttingar á baðherbergjum/votrýmum. Það er því margt sem húseigendur geta sjálfir gert og hvet ég sem flesta til að kynna sér þessi mál vel."

Nánari upplýsingar má finna á www.efla.is.

Innivist er margþætt

Mannvit veitir ráðgjöf á sviði mygluvandamála og bættrar innivistar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Lagt er mat á vandann og tillögur lagðar fram.

Ending og umfang viðhalds húsnæðis hefur alla tíð skipt húseigendur miklu máli, en í seinni tíð hefur áhersla á innivist og áhrif húsnæðis á notendur þess verið vaxandi og er það ekki að ástæðulausu. „Hjá Mannviti lítum við á mygluvandamál sem hluta af loftgæðum innivistar en hún uppgötvast til dæmis oft vegna ólyktar," segir Kristján Guðlaugsson, verkfræðingur hjá Mannviti. „Mygla er sjaldan ein á ferð og má líta á hana sem sjáanlega merkið um að aðstæður séu ekki eins og við viljum hafa þær."

Áhrif raka

„Með mikilli einföldun má segja að forsenda myglu sé raki. Ef allt er þurrt myglar ekkert. Það er mjög mikilvægt að fylgjast með raka í húsnæði, í hvaða formi sem hann kann að vera. Allir vita að vatn má ekki flæða um allt, en færri vita að þótt rakinn sé loftraki í ósýnilegu gufuformi getur mygla farið af stað í byggingarefnum," segir Kristján.

Loftun húsnæðis mikilvæg

„Gæði inniloftsins eru gríðarlega mikilvæg og hafa áhrif á heilsu okkar og velferð. Til að viðhalda gæðum innilofts er ekki hægt að gera of mikið úr mikilvægi þess að lofta húsnæði. Æskilegt er að loftræsta vel, með notkun vélrænnar og/eða náttúrulegrar loftræstingar. Með loftun bætum við meðal annars andrúmsloft, minnkum loftraka og mengun frá byggingarefnum, myglu og fleiru," segir Alma Dagbjört Ívarsdóttir, sérfræðingur á sviði innivistar og hönnunar sjálfbærra bygginga.

Viðbrögð og aðgerðir

„Þegar fyrirtæki eða stofnanir leita til okkar byrjum við á því að spyrja notendur um líðan í húsnæðinu, hversu duglegir þeir eru að lofta og fleira í þeim dúr," segir Kristján.

> **Mygla er sjaldan ein á ferð og má líta á hana sem sjáanlega merkið um að aðstæður séu ekki eins og við viljum hafa þær.**

„Síðan eru mælitæki notuð til að leita að raka og annarri mengun. Þá eru niðurstöðurnar greindar og lagt faglegt mat á uppruna vandans. Lagðar eru fram tillögur að lagfæringum á húsnæðinu sem taka mið af notkun húsnæðisins. Þær taka bæði til hreinsunar og uppbyggingar skemmds efnis, en einnig getur til dæmis þurft að setja upp lágmarks loftræstingu til þess að tryggja loftun húsnæðisins."

Þau Kristján og Alma segja líklega aldrei hægt að fullyrða að húsnæði sé alveg laust við myglu.

Þau Alma og Kristján segja mikilvægt að fylgjast með líðan fólks í hverskyns húsakynnum. MYND/ERNIR

„Það er ljóst að fyrir suma er mygla mikið vandamál og þess vegna leggjum við til að eftir að húsnæði hefur verið tekið aftur í notkun sé reglulega fylgst með líðan notendanna. Verði einhvers óeðlilegs vart sé brugðist við með viðeigandi ráðstöfunum."

Allt gerist á snigilhraða

Ingvar Ari Arason og eiginkona hans, Anna Gyða Pétursdóttir, þurftu áfallahjálp þegar í ljós kom að einbýlishús þeirra í Hafnarfirði var ónýtt vegna veggjatítla og myglu.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Húsið var gert upp árið 1995, það er friðað en er núna ónýtt vegna meindýra og myglu.

Það er gríðarlegt áfall að vera búinn að koma sér vel fyrir í fallegu húsi með fjölskyldunni þegar í ljós kemur að húsið er óíbúðarhæft og dæmt ónýtt. Ingvar segir líðanina ólýsanlega. Þau standa í sömu sporum núna og þegar þetta mál komst fyrst í fréttir. Ekkert hefur gerst og þau vita því ekki nákvæmlega í hvaða sporum þau standa. „Málið kom upp þegar ég fór að slípa parketið hjá okkur," segir Ingvar sem er lærður smiður. „Þarna voru gamlar furufjalir í gólfi sem voru orðnar götóttar. Það var sem sagt búið að naga viðinn. Veggjatítlur sækja í mjúkan og rakan við, furan hentar því vel fyrir þær. Þetta getur gerst hvar sem er, í nýjum sem gömlum húsum, ef raki er í þeim. Veggjatítlur sækja í raka eins og myglan. Það eru þrjár leiðir fyrir veggjatítlu að berast, það er með húsgögnum, þær geta borist með smíðavið sem er uppsláttarefni og svo geta þær flogið á milli húsa í tvær til þrjár vikur á ári. Það er yfirleitt í miðjum júní," útskýrir Ingvar.

Falið vandamál

„Veggjatítlan er yfirleitt staðbundin og hún þarf ekki að vera mjög hættuleg. Hún heldur sig gjarnan þar sem leki hefur verið, í bestu skilyrðum, mjúkum rökum viði í 20-24 stiga hita. Við sáum aldrei nein ummerki um veggjatítluna fyrr en framkvæmdirnar hófust. Þá kom einnig í ljós mikil mygla í þakinu. Húsið var tekið í gegn árið 1995 og hefur verið vel haldið við en svo virðist sem þakið hafi ekki loftað nægilega vel," segir Ingvar og bendir á að veggjatítlur geti líka komið upp í þaki á steinhúsum. „Þetta geta verið mjög falin vandamál."

Ingvar bendir á að í gömlum, fúnum gluggum geti leynst veggjatítlur eða í hurðakörmum. Hann segist aldrei hafa séð veggjatítlur fyrr þótt hann hafi komið víða við í starfi sínu sem smiður. „Ég hef séð myglusvepp en ekki títlur. Ég veit að tvö hús hafa verið rifin í Hafnarfirði vegna veggjatítlu en oftast er hægt að gera við húsin. Það fer svolítið eftir því hvar þær hafa komið sér fyrir í húsnæðinu. Það er ekki örugg aðferð að eitra. Ég hef heyrt að það sé hægt að hita svæðið upp í 55 gráður og við það ættu þær að drepast. Einnig væri mögulegt að frysta í -25 gráður. Það er samt ekki hægt að gera við heilt hús. Þetta eru samt ekki 100 prósent öruggar aðferðir."

Ingvar Ari Arason segir að hann og eiginkonan, Anna Gyða, hafi þurft áfallahjálp þegar uppgötvaðist að þau voru búin að missa aleiguna. MYND/ANTON BRINK

Flókið ferli

Ingvar og Anna hafa tekið ákvörðun um að rífa húsið. „Við þurfum leyfi frá fjórum til fimm aðilum áður en ráðist verður í það. Húsið er friðað og það er alls konar vesen sem fylgir því. Lögum samkvæmt má ekki rífa hús fyrr en búið er að teikna nýtt á lóðinni. Eini möguleiki okkar í stöðunni er að rífa húsið og byggja nýtt eða fara á erfiðan leigumarkað. Húsgögnin ætlum við að setja í frystingu. Það sem okkur finnst verst er að það er engin viðbragðsáætlun til fyrir veggjatítlu. Ef húsið brennur eða verður fyrir snjóflóði eða öðrum hamförum fer ferli í gang. Við fáum hvergi svör hvert sem við leitum. Þetta er mjög flókin staða. Við höfum misst aleiguna og það er ekkert sem tekur við.

Hafnarfjörður ætlar að styrkja okkur til að rífa húsið og fyrir nýju deiluskipulagi eða um 3,7 milljónir. Við vitum ekki hvað verður um lán sem hvílir á húsinu. Ef við fáum það ekki niðurfellt verður erfitt að byggja nýtt hús. Þetta er því mikil óvissa og mikið álag á okkur. Við ákváðum að fara til sálfræðings og fá áfallahjálp sem var mjög gott. Öll skref sem við höfum tekið hafa verið eigin frumkvæði. Nú gerist allt á snigilhraða og enginn talar við okkur að fyrra bragði. Fjármálaráðherra sagði í viðtali að hann vilji skoða þetta mál. Við bíðum eftir símtali frá honum."

Sérhæfing í hreinsun myglusveppa

AÞ-Þrif ehf. er framsækið hreingerningafyrirtæki sem sérhæfir sig meðal annars í hreinsun á myglusvepp. Hvert tilfelli þarf að meta sérstaklega.

Við sérhæfum okkur í mygluhreinsun og þrífum fyrir bæði fyrirtæki og stofnanir en einnig einstaklinga. Við höfum aðstoðað Eflu verkfræðistofu, sem sérhæfir sig í greiningu myglusveppa, og verið þeim innan handar í stórum verkefnum. Fullum trúnaði er heitið við viðskiptavini en fyrir marga er það viðkvæm staða ef mygla kemur upp. Hjá AÞ-Þrifum höldum við úti sérstöku teymi sem sinnir þessum málaflokki," útskýrir Arnar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri AÞ-Þrifa ehf.

„Við erum þriðja stærsta ræstingafyrirtæki á landinu og hjá okkur starfa 210 starfsmenn. Við sinnum bæði almennum þrifum og sérverkefnum og er sérverkefnadeildin okkar sú stærsta á landinu en sú deild sér meðal annars um mygluhreinsun, iðnaðarþrif og fleira. Starfsfólk okkar hefur setið öll þau námskeið um myglu og mygluhreinsun sem boðið er upp á. Við leggjum mikið upp úr því að allur okkar búnaður og efni sem notuð eru við hreinsunina standist kröfur, séu rétt merkt og að réttum aðferðum sé beitt við hreinsunina. Við mygluhreinsun notumst við efnið Oxvír og notum ryksugur með Heba filterum. Einnig erum við með loftpressur til að blása af húsgögnum og hreinsum þau svo eftir á. Starfsmenn klæðast viðeigandi hlífðarfatnaði við hreinsunarstarfið.

Tilfellin eru miserfið og mygla getur komið aftur. Það hefur ekki gerst eftir hreinsun hjá okkur en eftir að húsnæði hefur verið hreinsað eru gerðar mælingar með strokupenna nokkru eftir til að fylgjast með hvort mygla hafi aftur myndast. Við höfum einnig ósonað svæðin sem er afar áhrifarík aðferð en ósonið drepur allar bakteríur."

Hvert verk sérstakt

Arnar segir ekkert verkefni nákvæmlega eins. Aðstæður séu ólíkar á hverjum stað og meta þurfi hvert verkefni sérstaklega. Þá geri viðskiptavinir einnig ólíkar kröfur. Ef um fyrirtæki eða stofnun er að ræða skiptir eðli starfsemi viðkomandi stofnunar máli.

„Þegar við vinnum verkefni fyrir Eflu er farið eftir ákveðnum ferlum. Til dæmis ef viðkomandi stofnun notar mikið af pappír getur þurft að leggja til að minnka það umfang eins mikið og hægt er, farga efni eða setja á stafrænt form þar sem gróin sitja í pappírnum. Stórt fyrirtæki þarf ekki að þýða mikla vinnu fyrir okkur ef öll starfsemin er rafræn. En lítið fyrirtæki getur aftur á móti þýtt mikla vinnu ef það er með mikið af pappírsgögnum. Við þjónustum einnig einstaklinga og heimahús. Ýmist sjáum við um alla hreinsun eða veitum ráðgjöf svo fólk getur annast hreinsunina sjálft, það er að segja ef myglan er í litlum mæli. Við getum komið á staðinn og skoðað aðstæður og ráðlagt fólki í framhaldinu."

Vitundarvakning

Arnar segir verkefnum sem tengjast mygluhreinsun hafa fjölgað mikið síðustu misserin.

„Við erum þriðja stærsta ræstingafyrirtæki á landinu og hjá okkur starfa 210 starsmenn. Við sinnum bæði almennum þrifum og sérverkefnum og er sérverkefnadeildin okkar sú stærsta á landinu en sú deild sér meðal annars um mygluhreinsun," segir Arnar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri AÞ-Þrifa. MYND/ERNIR

Sérverkefnadeild AÞ-Þrifa sér um hreinsun á myglusvepp.

Við hreinsun er farið eftir ákveðnum verkferlum.

> **Ef ekki verður vart við leka strax lifir myglan lengi í rakanum og áhrifanna verður jafnvel ekki vart fyrr en mörgum árum síðar.**
>
> Arnar Þorsteinsson

„Það var enginn að velta þessu fyrir sér fyrir tíu árum. En með aukinni þekkingu hefur orðið vitundarvakning á því hversu varasamur myglusveppurinn getur verið. Hús sem voru byggð fyrir fimmtán til þrjátíu árum geta verið orðin alvarlega sýkt í dag. Ef ekki verður vart við leka strax lifir myglan lengi í rakanum og áhrifanna verður jafnvel ekki vart fyrr en mörgum árum síðar.

Að mínu mati eru þó misvísandi upplýsingar í umferð og jafnvel mætti tala um hræðsluáróður.

Í slæmum tilfellum hafa hús verið gerð fokheld aftur. Það eru miklar aðgerðir og og mikið áfall fyrir fólk þegar um heimili er að ræða, ekki síst fjárhagslega. Mygla er á gráu svæði hvað varðar tryggingar og maður finnur til með fólki þegar það rekur sögu sína fyrir manni. Við reynum að ráðleggja því hvað það getur gert sjálft til að halda kostnaði í lágmarki en bendum einnig fólki á að fá sérfræðinga frá Eflu til að meta ástandið."

Nánari upplýsingar er að finna á www.ath-thrif.is og í síma 517-2215

Missti heilsuna vegna myglu

Regína Kristjánsdóttir stóð uppi slypp og snauð um fimmtugt, búin að missa heilsuna, húsnæði og innbú af völdum myglusvepps.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Mygla í húsnæði hefur haft mikil áhrif á líf Regínu Kristjánsdóttur. Hún var meira og minna veik í átta ár án þess að nokkur skýring fyndist á veikindunum. Hún þjáðist af síþreytu, var með flensueinkenni, fékk sýkingar í lungu, háls, þvagfæri og móðurlíf. Verkir í beinum, liðum og kviði hrjáðu Regínu og um tíma var hún svo veik að vikum saman var hún rúmliggjandi. „Ég fékk öll þau einkenni sem hægt er að fá af völdum myglu. Ég dofnaði vinstra megin í höfðinu, fékk blóðnasir í tíma og ótíma og sjóntruflanir. Það leið yfir mig í vinnunni og í kjölfarið var ég flutt á sjúkrahús en samt fannst ekkert að mér. Ég leitaði ótal sinnum til lækna en fékk engin svör við því hvað gæti verið að angra mig," rifjar Regína upp.

Hélt hún væri ímyndunarveik

Regína hefur alltaf lifað heilsusamlegu lífi, kennt líkamsrækt um árabil og hugað vel að mataræðinu. Veikindin komu því eins og þruma úr heiðskíru lofti. „Þegar ég stóð í þessu gat ég ekki ímyndað mér hvað mygla getur valdið miklum veikindum. Heilsan varð æ verri og um tíma var svo komið að ég hélt að þetta væri bara í höfðinu á mér. Ég kom alls staðar að lokuðum dyrum. Eftir að mygla fannst í íbúðinni minni spurði ég læknana hvort þessi óútskýrðu veikindi gætu verið af völdum myglu en fékk þau svör að ekki væri viðurkennt að myglusveppur gæti valdið veikindum svo þeir vildu ekkert segja um það."

Á þessu tímabili hafði Regína búið í þremur mismunandi íbúðum og svo virðist sem það hafi verið mygla í þeim öllum. „Ég tel að veikindi mín hafi orðið eins alvarleg og raun ber vitni vegna þess hversu lengi ég bjó í óheilsusamlegu húsnæði, en myglutegundirnar eru miseitraðar. Við fyrrverandi maðurinn minn keyptum nýuppgerða íbúð í eldra húsi og vorum viss um að hún væri í lagi en svo reyndist ekki vera. Íbúðin var á neðri hæð en gluggi á efri hæðinni fór að leka og það barst niður til okkar, auk þess sem húsið lak lítillega og þetta varð til þess að myglan fór af stað. Ég var þegar orðin veik af völdum myglu og þetta var ekki til að bæta ástandið."

„Þegar ég stóð í þessu gat ég ekki ímyndað mér hvað mygla getur valdið miklum veikindum," segir Regína.

Leið en ekki reið

Regína flutti úr íbúðinni sinni og stuttu síðar skildu þau hjónin. Hún segist ekki vera reið yfir því að hafa gengið í gegnum þessi veikindi heldur aðallega döpur. „Fyrst var ég reið en ég er það ekki lengur. Ég er aðallega leið yfir að hafa misst heilsuna, sem er svo mikilvæg, misst allar mínar eigur svo ég stóð uppi slypp og snauð um fimmtugt og hjónabandið farið í súginn. Auðvitað hef ég hugsað um af hverju þetta gerðist en núna hugsa ég meira um hvernig ég get miðlað af minni reynslu. Haustið 2013, eftir mikil veikindi, ákvað ég að láta þetta ekki stjórna lífi mínu. Ég fór í 800 tíma jógakennara og -þerapistanám, fékk sal til að kenna jóga og líkamsrækt og ég held að þetta hafi orðið til þess að ég hélt sönsum."

Eftir að heilsufarið fór að lagast tók Regína mataræðið í gegn. Hún fékk mataróþol í kjölfar veikindanna og sumar fæðutegundir getur hún ekki sett inn fyrir sínar varir. „Ég hef lesið mér mikið til um mataræði og myglu og komst að því að margar fæðutegundir innihalda myglu og slíkur matur magnar upp einkennin hjá mér. Ég er með varanlegar lungnaskemmdir vegna myglunnar og get því ekki verið úti í hvaða veðri sem er, t.d. ekki á gamlárskvöld þegar mengun er mikil því hún fer svo í lungun á mér. Ég dofna strax í höfðinu ef ég fer í inn í hús þar sem mygla er til staðar."

Í haust ætlar Regína að fara af stað með heilsuráðgjöf fyrir fórnarlömb myglu. „Ég hef verið heilsuráðgjafi í tuttugu ár og mig langar til að miðla öðrum af minni reynslu og hjálpa fólki sem hefur veikst vegna myglu við að ná heilsu á ný."

ER RAKI Í ÚTVEGGJUM?

Ef utanaðkomandi raki veldur óþægindum innanhúss, er málningakerfið fyrir útveggi frá MALIS (S-26) góður valkostur.
Kerfið samanstendur af þremur mismunandi efnum sem hvert um sig þjónar ákveðnu hlutverki. Saman veita þessi efni hámarksvörn gegn hverskonar veðuráreyti.

Bindigrunnurinn tryggir örugga festingu málningar sem yfir kemur. Hann er afar öflugur og kemur í veg fyrir flögnum.

Þéttihúðin er mjög teygjanleg og hefur góða öndun. Kemur í veg fyrir að vatn komist inní steypu. Bindst afar vel við grunninn.

Veðurkápan er ysta lagið í kerfinu. Þetta er teygjanleg akryl málning og hrindir vel frá sér. Hægt að laga í litum.

ERT ÞÚ MEÐ SVEPPA- EÐA RAKAVANDAMÁL?

Þá er **TIMANTTI CLEAN** lausnin. Er sveppa- og bakteríu verndandi málning. Hentar vel fyrir öll rými þar sem raki og sveppamyndun er vandamál. Inniheldur efni sem eyða bakterium, sveppum og kemur í veg fyrir að slíkt myndist aftur. Hálfmött málning sem hægt er að lita í ljósum litum

TIMANTI VOTRÝMISMÁLNING
Ætluð í votrými t.d. baðherbergi og þvottahús.
Auðvelt að þrífa. Glástig 20 og 40%
Grunnur með 3% glástig

WOODEX TEKNOS ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA malis

- vörn til frambúðar
MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS
Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is

„Það loft sem við öndum að okkur skiptir máli og mun hafa áhrif á heilsu okkur um aldur og ævi. Við myndum aldrei láta bjóða okkur skítugt vatn á vinnustaðnum, af hverju þá óhreint loft?“ segir Tómas Hafliðason, verkfræðingur og framkvæmdastjóri Íshússins. MYND/ANTON BRINK

Myndir þú drekka óhreint vatn?

Íshúsið býður úrval loftræstikerfa. Tómas Hafliðason segir hreint loft jafn nauðsynlegt og hreint drykkjarvatn. Koma má upp loftræstingu á einfaldan máta.

Líklega myndu fæstir láta bjóða sér að drekka drulluskítugt vatn en þegar kemur að lofti virðist allt annað vera uppi á teningnum. Kannski vegna þess að skíturinn er ekki jafn sýnilegur í lofti. Samt sem áður þá hefur það loft sem við öndum að okkur bein og varanleg áhrif á heilsu okkar,“ segir Tómas Hafliðason, verkfræðingur og framkvæmdastjóri Íshússins.

Íshúsið er með eitt mesta úrval landsins af viftum og loftræstingum og hefur yfir 30 ára reynslu í þessum málum. Tómas segir hreint loft inni á vinnustöðum og inni á heimilum fólks grundvallaratriði sem eigi að vera gefið en sé það mjög oft ekki. Oft sé það í höndum starfsmanna að krefjast úrbóta.

„Við eigum langt í land með að átta okkur á þeim áhrifum sem myglusveppur og önnur uppleyst efni í loftinu geta haft á heilsuna. Þrátt fyrir mikla vitundurvakningu, þá vantar að gripið sé til aðgerða. Það er ekki nóg að ræða bara um hlutina, það þarf að framkvæma. Það loft sem við öndum að okkur skiptir máli og mun hafa áhrif á heilsu okkur um aldur og ævi. Við myndum aldrei láta bjóða okkur skítugt vatn á vinnustaðnum, af hverju þá óhreint loft? Mygla er bara ein lítil birtingarmynd af óheilbrigðu lofti, fyrst og fremst vegna þess að við sjáum hana. Hvað með allt það sem við sjáum ekki?

Skortur á viðhaldi eins og það sem við höfum séð í opinberum byggingum hefur mikil áhrif á loftgæði í þeim og það er umhugsunarefni að við bjóðum fólki upp á þessar aðstæður. Það er löngu kominn tími á aðgerðir og þær þurfa ekki að vera dýrar, sé gripið nógu snemma inn í aðstæður.“

Loftræsting bjargar

Tómas segir hægt að koma í veg fyrir gríðarlega mikil fjárútlát vegna raka og myglu með því að setja upp jafnvel bara einfalt loftræstikerfi, bæði á heimilum og á vinnustöðum. Það þurfi ekki að vera flókin aðgerð.

„Málið er að í þeim tilfellum þar sem myglusveppur er þegar kominn fram erum við alltaf að tala um margfalt dýrari aðgerðir heldur en að vera einfaldlega með hlutina í lagi frá upphafi. Ef það eru ekki utanaðkomandi lekar sem þarf að eiga við þá er einfaldlega góð loftræsting númer eitt, tvö og þrjú sem skiptir máli. Þetta virðist verða sérstaklega mikið vandamál í húsnæði byggðu eftir 2000 og í húsnæði sem hefur verið tekið í notkun fyrir Airbnb. Við fáum daglega inn fólk sem er að koma til okkar of seint,“ segir Tómas.

Einfalt rör flytur ferskt loft

„Fólki finnst oft að það hljóti að vera flókin aðgerð að setja upp loftræstikerfi og miklar það fyrir sér. Loftræstikerfi sé eitthvað stórt og og fyrirferðarmikið en það þarf alls ekki að vera – þótt oft sé það nauðsynlegt. Einfaldasta loftræstikerfið sem við bjóðum upp á í Íshúsinu er í daglegu tali bara kallað Rörið, enda er það bara rör. Það eina sem þarf að gera er að koma því fyrir í útvegg, tengja það við rafmagn og allt er klárt. Kerfið dælir fersku lofti inn í rýmið í 60 sekúndur og dælir svo óhreina loftinu út í aðrar 60 sekúndur, með því að nota varmann þá endurnýtir kerfið allt að 90% af varmanum. Viðkomandi fær ferskt loft inn án þess að tapa miklum hita. Hægt er að setja upp eitt eða mörg rör, eftir stærð og því sem við á. Með þessu er dregið úr raka og uppleyst eiturefni eru fjarlægð.“

Fjárfesting sem borgar til baka

„Til langs tíma er loftræsting fjárfesting sem borgar sig alltaf margfalt til baka, ekki bara í krónum og aurum, heldur líka heilsufarslega séð. Það er fljótt að hafa áhrif enda dveljum við 80% tímans innandyra,“ segir Tómas. „Rörið hentar best í minni rými en við eigum lausnir í öllum stærðum. Hvort sem þú þarft að þurrka, hreinsa, blása eða bæta loftið þá eigum við lausn. Við erum eiginlega með allt sem þú þarft á einum stað,“ segir Tómas.

Tæki og tól fyrir verktaka

Hafi hins vegar mygla þegar myndast býður Íshúsið tæki og tól til aðgerða fyrir verktaka.

„Þá skiptir miklu máli að ganga strax til aðgerða og vera með réttu tækin ef komin er mygla. Verktakar verða að gæta sín á að dreifa myglunni ekki um allt hús og því eigum við til fyrir þá undirþrýstingsbláseara og HEPA síur og annað, svo það sé hægt að framkvæma hreinsun án þess að valda meira tjóni og dreifa óþverranum,“ segir Tómas.

Íshúsið er til húsa að Smiðjuvegi 4a

> **„Við eigum langt í land með að átta okkur á þeim áhrifum sem myglusveppur og önnur uppleyst efni í loftinu geta haft á heilsuna. Þrátt fyrir mikla vitundarvakningu, þá vantar að gripið sé til aðgerða. Það er ekki nóg að ræða bara um hlutina, það þarf að framkvæma.**

> **„Málið er að í þeim tilfellum þar sem myglusveppur er þegar kominn fram erum við alltaf að tala um margfalt dýrari aðgerðir heldur en að vera einfaldlega með hlutina í lagi frá upphafi. Ef það er ekki utanaðkomandi leki sem þarf að eiga við þá er einfaldlega góð loftræsting númer eitt, tvö og þrjú sem skiptir máli.**

Að forðast geitungabit

Algengast er að fólk fái staðbundið svar með kláða eða bólgu þegar það er stungið af geitungi en lítill hluti almennings myndar ofnæmi og fær verri svörun á stærra sviði. Fjöldi geitunga nær hámarki í ágúst og september. Þá er árásargirnin einnig mest og þeir geta stungið við minnsta áreiti. Mesta hættan á geitungastungu er til dæmis við vinnu og leik í garðinum. Einnig eru geitungar sérlega sólgnir í sætindi, bjór og vín og geta þeir orðið óbærilega ágengir þar sem fólk er að borða utan dyra í sólríku veðri.

Til að forðast stungur er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

- Að eyða búum sem eru við heimili.
- Sýna aðgát við garðvinnu, nota hanska.
- Matarbiti og drykkir bjóða geitungum heim. Gosdósir eru sérstaklega varhugaverðar.
- Á geitunga innan dyra má sprauta hárlakki eða að drepa í einu höggi.
- Hafa þétt net yfir vögnum barna sem sofa úti.
- Klæðast hvítum/ljósum fatnaði.
- Nota ekki ilmefni.
- Ganga ekki berfættur úti við, klæðast síðum buxum og langerma skyrtum.

Heimild: Embætti landlæknis
www.landlaeknir.is

Leiðbeiningar um inniloft, raka og myglu

Umhverfisstofnun gaf út út bækling með leiðbeiningum um inniloft, raka og myglu árið 2015. Þar er að finna upplýsingar um hvernig best sé að viðhalda og bæta heilnæmi innilofts og hvernig bregðast skuli við verði inniloft óheilnæmt. Í bæklingnum er líka fjallað um eftirlit með húsnæði og ábyrgð eigenda og leigjenda.

Á heimasíðu stofnunarinnar segir að áætlað sé að í Evrópu sé of mikill raki í 10-50% þess húsnæðis sem fólk býr og starfar í. Sé rakastig innandyra of hátt eða lágt getur það haft neikvæð áhrif á híbýlin og heilsu fólks en sýnt hefur verið fram á að þeir sem búa í húsnæði með raka og myglu eru í meiri hættu en aðrir á að fá sjúkdómseinkenni og sýkingar í öndunarveg, ofnæmiskvef og astma. Rannsóknir sýna aftur á móti að þeir sem búa í vel einangruðum og loftræstum húsum leita síður til læknis og leggjast síður inn á sjúkrahús vegna kvilla í öndunarfærum en þeir sem búa í röku húsnæði.

Ráðstefna um veggjatítlur og myglusvepp

Á mánudaginn kl. 8.30-10 mun fjármála- og efnahagsráðuneytið boða til ráðstefnu í samstarfi við Háskóla Íslands, Mannvirkjastofnun, Samtök fjármálafyrirtækja og Viðlagatryggingu Íslands um veggjatítlur og myglusvepp. Ráðstefnan verður haldin í Nauthóli. Þar verður fjallað um hlutverk opinberra aðila vegna tjóns á fasteignum sem hljótast af þessum vágestum. Doktor Johan Mattson frá Mycoteam í Noregi flytur erindi en hann en sérfræðingur í veggjatítlum og myglu. Hulda R. Árnadóttir, framkvæmdastjóri VTI, mun fjalla um hlutverk opinberra aðila vegna ótryggjanlegra tjóna á fasteignum. Björn Marteinsson, verkfræðingur og arkitekt, flytur erindi fyrir hönd Háskóla Íslands um veggjatítlur, myglu og raka. Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri SFF, mun ræða um títlur og aðra óværu og hvað sé til ráða. Hægt er að skrá sig á ráðstefnuna á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins, www.fjarmalaraduneyti.is.

Tískuhús Zik Zak www.Facebook.com/zikzakkringlan Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

Safnar fyrir börn í Senegal

Fagurkerinn, ljósmyndarinn, matargúrúinn og heimskonan Áslaug Snorradóttir verður með freistandi pinkla og pakka frá seiðandi fagra Senegal á pop up-markaði fyrir munaðarleysingja í Mengi á laugardag.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is

Við Hulda höfum alltaf verið hrifnar af senegalskri tónlist, eftir að hafa kynnst henni hjá Árna Matt, tónlistarsnillingi á Mogganum fyrir akkúrat þrjátíu árum," segir Áslaug sem fór til Senegal með Huldu Ágústsdóttur skartgripahönnuði. „Við Hulda höfum árvisst farið til Ítalíu en ákváðum að breyta til á fimmtugsárinu mínu og skella okkur til Senegal. Ég hef lítið kynnst Afríku en sá heimildarmynd um hönnun í höfuðborginni Dakar og kolféll fyrir því sem fyrir augu bar."

Þær Áslaug og Hulda voru þrjár vikur á ferðalaginu með stuttu stoppi í París.

„Íbúar Senegal eru algjört æði; ljúfir, glaðir og veisla út í eitt fyrir augun, svo ég tali nú ekki um eyrun. Bílstjórar eru með allt í botni þannig að það er stuð að sitja í bíl. Við dvöldum nokkra daga í medínunni í Saly en þar sofnuðum við við glaðan söng og vöknuðum við hann aftur að klukkan fimm að morgni. Söngvararnir voru glöðu börnin á munaðarleysingjahælinu við hliðina og ein af ástæðum þess að ég slæ upp pop up-markaði að ég vil safna í sjóð til þeirra," útskýrir Áslaug.

Hin ástæðan er Sigríður Sigurjónsdóttir í Gallerí Spark og safnstjóri hjá Hönnunarsafninu. Hún stakk upp á pop up-markaði við Áslaugu fyrir margt löngu og minnti hana á hugmyndina áður en hún fór út.

„Ég elska dót en gæti aldrei rekið búð. Eins og í Perú þar sem Maríukertin voru svo falleg en ég rolaðist bara til að kaupa nokkur sem seldust strax. Ég ákvað því núna að fylla nokkrar risa arabatöskur enda lauflétt," segir Áslaug kát og tilefni kátínunnar mýmörg.

„Um þessar mundir er ég líka að fagna tíu ára afmæli bókarinnar Iceland Picnic. Við Sigrún Sigvaldadóttir hönnuður létum prenta brjálæðislegt magn af bókinni á sínum tíma, og sem betur fer því annars væri ég búin að gleyma henni. Bókin vekur sífellt meiri athygli og var nýverið margsinnis vitnað í hana í stórri ferðagrein Condé Nast-tímaritsins. Þá eru lautarferðir beinlínis í tísku, eins og sást í Merci, uppáhaldsbúðinni minni í París. Þess vegna blanda ég þessu saman ásamt góssi frá Balí sem ég keypti í janúar, en það var einmitt líka eitt af trendum Parísarborgar nú."

> **Ég var áður lítt gefin fyrir gult en nú er ég komin með gult hár sem var absólút ekki meiningin.**

Á ferðum sínum um Senegal báru Áslaug og Hulda litríka og einstaka skartgripi Huldu og vöktu verðskuldaða athygli.

„Senegalirnir urðu spinnegal þegar þeir sáu festarnar og svo dressuðum við okkur hressilega upp. Nú á ég eitt mynstur fyrir hvern dag vikunnar. Guli liturinn kom sterkur inn í sólgulu Senegal en ég var áður lítt gefin fyrir gult. Nú er ég meira að segja komin með gult hár, sem var absólút ekki meiningin," segir Áslaug og hlær.

Næsta ferð Áslaugar út fyrir landsteinana verður með Maríu Rán Guðjónsdóttir útgefanda til Malí.

„Við María erum gott sett sem fer í lautarferðir með ferðamenn í sumar. Nú er uppáhaldstíminn minn, þegar gróðurinn vaknar og sumarið er fram undan. Vorum síðast í rokferð um Reykjanesið þar sem allir skemmtu sér vel og grillað var entrécote með truffluðu trufflusinnepi úr Matarbúrinu."

Á markaðinum verða meðal annars til sölu körfur, bakkar, sloppar og farartæki frá Senegal.

„Ég ætla að skella í eina stóra poulet yassa sem Senegalar borða nánast í öll mál og ég eldaði margoft á dag fyrir okkur Huldu. Það má segja létt sjokk að koma heim eftir dvöl í landi sem er með jafn geggjað hráefni. Og af því að samkoman er í Mengi smellpassar að blasta fjörugri Senegal-tónlist!"

Áslaug Snorradóttir með mandarínur á augum, hálsfesti eftir Huldu Ágústsdóttur og tískulitinn í Senegal í hárinu.
MYNDIR/ÁSLAUG SNORRADÓTTIR

Litrík Senegal-klæði sem gleðja og kæta bæði augu og anda.

Pop up-markaður Áslaugar verður í Mengi, Óðinsgötu 2, frá klukkan 13 til 15 á laugardag. Allir velkomnir!

Körfur sem láta drauma rætast sönnuðu sig svo um munaði í Senegal.

Tinni og Kolbeinn kafteinn eru dæmi um handgerð leikföng frá Senegal.

Skartgripir Huldu Ágústsdóttur freistuðu fegurðardísa í Senegal enda einstaklega klæðilegir og fagrir.

VEGAN
ANDLITSMASKAR

NJÓTTU OFURFÆÐU FYRIR ANDLITIÐ

ÞOLDU ÚTMAKAÐ ANDLIT Í 5 MÍNÚTUR

VERTU VEGAN

THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

SUZUKI

TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
INHOPE Insafe
SAFT

STÓRA BÍLASALAN

100% LÁN -
TOYOTA Auris Terra. Árgerð 2013, ekinn 63 Þ.KM, bensín, 6 gírar. TILBOÐ 1.790.000 staðgreit. Rnr.159175

VW Caravelle 9 Manna langur. Árgerð 2014, ekinn 129 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.790.000. Rnr.158181.

100% LÁN
SKODA Fabia Combi 1.6 Dísel. Árgerð 2011, ekinn 131 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.290.000. Rnr.135861

STÓRA BÍLASALAN

100% LÁN -
KIA Sorento. Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.280.000. Rnr.162478.

100% LÁN -
BMW X5 3.0i . Árgerð 2006, ekinn 206 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.159301.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn kláma.

BÍLA GALLERÍ

BESTA VERÐ !
MMC Pajero Instyle Dísel 7 manna. Árgerð 2015, ekinn 58 Þ.KM, Sjálfsk, Leður, Sóllúga, ofl. Tilboðsverð 6.180 þ !! Ásett 6.990þ Rnr.101066. Er á staðnum !

TILBOÐ ! EK 530 KM
MERCEDES-BENZ E 220 CDi dísel, Avantgarde Árgerð 2015, ekinn 530 KM !, Sjálfsk, Leður, ofl. Tilboðsverð 6.190þ. Rnr.100234. Er á staðnum

NÝR VOLVO XC90 T8
VOLVO XC90 T8 INSCRIPTION PLUG IN HYBRID. Árgerð 2017, Evrópubíll ! , Rafmagn / Bensín, Sjálfsk, Leður, Glerþak, 20" felgur, 7 manna, ofl ofl. Verð 11.800þ Rnr.111548. Er á staðnum

Bílagallerí bílasala
Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur
Sími: 554 6700
www.bílagalleri.is

Bílar til sölu

Volvo árg '98. Ek. 200 þús. Nýskoðaður, í þokkalegu standi. Verðhugmynd 350 þús. Uppl. í síma 664 7785.

Fornbílar

Chrysler New port árg 1966 vél 383 ss þarfnast smá lagfæringar verð 1.5 Uppl.s. 894 3675

Opel Astra árg "06 4 dyra vél1,8 ss. Uppl. s. 894 3675

Kerrur

Kerra - 1600 kg með bremsubúnaði, nefhjól. Teg. Henra. Verð 300 þús. Uppl. í síma 664 7785.

Bátar

Til sölu 30 feta skemmtibátur árgerð 1998 báturinn er allur sem nýr að innan sem utan. Vél Volvo Penta 260hö ekin aðeins ríflega 800 tíma, nýr vagn fylgir. Uppl. í s. 893-7900

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Club car golfbílar

Til afgreiðslu strax.
19019 ehf • S. 893-3393 • Gunnsteinn • www.19019.is

Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is

Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is

PORSCHE 911 turbo
Verð: 9.900.000
Árgerð: 2002 | Bensín
Ekinn: 111þ.km. | Sjálfskiptur.
Rnr.270596.

SUZUKI Grand vitara
Verð: 1.490.000
Árgerð: 2008 | Bensín
Ekinn: 185þ.km. | Sjálfskiptur.
Rnr.270631.

HOBBY 495 ul exellant new 2017
Verð: 3.890.000
Árgerð: 2017
Ekinn: 1þ.km.??
Rnr.280012.

MMC Outlander. Árgerð 2015
Verð: 4.190.000
Árgerð: 2015 | Dísel
Ekinn: 43þ.km. | Sjálfskiptur.
Rnr.197604.

KIA Ceed ex 1,6. Árgerð 2014
Verð: 2.190.000
Árgerð: 2014 | Dísel
Ekinn: 65þ.km. | 6 gírar
Rnr.302060.

DACIA Duster 4x4. Árgerð 2013
Verð: 1.390.000
Árgerð: 2013 | Dísel
Ekinn: 172þ.km. | 6 gírar
Rnr.270250

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Keypt & Selt

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsnæði

Húsnæði óskast

ÍBÚÐ ÓSKAST!
Óska eftir snyrtilegri 3-4 herbergja íbúð til leigu. Óska staðsetning er í póstnúmeri 110, en til greina koma hverfi 104,108 og 105. Greiðslugeta er um 200.000 kr.

Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Nánari uppl. í s. 895 5086 Kristjana

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

Óska eftir að ráða menn í málningavinnu. Uppl. sendist á smaar@frettabladid.is

Tilkynningar

Ýmislegt

VORFERÐ HELDRI FÁKSMANNA
vorferð heldri Fáksmanna verður fari laugardaginn 27. maí og hrossaræktabú á Suðurlandi skoðuð.
Skráning í síma 893 1090 (Birgir)

TOYOTA Rav4
Árgerð 2012, ekinn 98 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, krókur.
Verð 3.090.000. Rnr.182880.
Toyota Kauptúni S. 570 5070 • www.toyotakauptuni.is

NÝIR BÍLAR Á LÆGRA VERÐI!
KOMDU VIÐ OG PRÓFAÐU

Yaris Hybrid Edition S
AÐEINS KR.
2.490 ÞÚSUND

VEL BÚINN BÍLL
- Sjálfskiptur
- Bakkmyndavél
- Akgreinavari
- Árekstrarvari
- Bluetooth
- 15" álfelgur
- Hiti í sætum

...og margt fleira

Til afgreiðslu núna - Komdu og prófaðu - Allt að 90% lán - Skoðum með uppítöku á notuðum bílum

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

STÓRA BÍLASALAN
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

Atvinna

Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.

Matreiðslumenn

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð óskar eftir að ráða matreiðslumann

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega eða eftir samkomulagi

Upplýsingar gefur: **Kristín Sigurþórsdóttir**, mannauðsstjóri í síma **560-4107**

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið: **kristinsig@sunnuhlid.is**

Kópavogsbraut 1C • 200 Kópavogur • Sími 560 4100 • Fax 560 4175

Mosfellsbær — Lágafellsskóli

Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi?

Viltu vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum.

Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

Deildarstjóri óskast í stjórnendateymi skólans, um framtíðarstarf er að ræða

Meginverkefni viðkomandi er þátttaka í þriggja manna stjórnunarteymi í Höfðabergi með ábyrgð á faglegu starfi grunnskólahlutans. Viðkomandi er jafnframt hluti af stjórnendateymi skólans.

Þroskaþjálfi óskast í 50 – 100% starfshlutfall, um framtíðarstarf er að ræða

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á www.mos.is

Laun samkvæmt kjarasamningi SNS og viðkomandi stéttarfélaga. Upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóra í síma 525 9200 eða 896 8230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist með tölvupósti á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

Umsóknarfrestur um störfin er til 7. júní 2017.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

HELGARSTARF Í SUMAR

Verslunin Leonard leitar að sumarstarfsmanni í Kringluna.
Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn á leonard@leonard.is

Umsóknafrestur er til og með 4. júní

Leonard

Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
www.talentradning.is

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
Sími: 552-1600

Bryndís
GSM: 773 7400

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Hjólbarðaviðgerðir
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Hjólbarða Grafarvogs Verkstæði
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Tjaldaleiga Skáta
Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
ishúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

EYJALIND
Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

GÆÐASKÓFLUR

Verð frá **2.190,-**

2.390,-

1.690,-

1.790,-

1.790,-

Laufhrífa
890

Malarhrífa
1.890,-

MIKIÐ ÚRVAL

Tia - Garðverkfæri
440-490 kr. pr. stk.

Strákústur 30cm breiður
695

Gróðurmold 20 l
490
40 l kr. 890

Blákorn 5 kg
1.190

Leca blómapottamöl 10 l.
990

Haki
2.490,-
MIKIÐ ÚRVAL

Truper Exi, 1.5kg, 43" Hickory Skaft
3.295

Garðskafa
1.490,-

Mei-9961390 Garðyfirbreiðsla
695

Garðúðari. Ál, 3 arma.
1.995

Truper 10574
1.895,-

Trup hekkklippur 23060
1.245

Meister - Úðabyssa með stillanlegu skafti
1.990

Pretul greinaklippur
895

Mei-9961400 Sterkur Hellu & jarðvegsdúkur 10m²
2.690

Garðkanna 10 L
895

Tia - hekkklippur 60 cm
1.990

Truper 24" greinaklippur
2.295

Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116-180cm, hraðtengi með lokun
2.390

10 lítra bensínbrúsi
1.290

Truper 15" garðverkfæri
Verð **695**/stk

Lokað slönguhjól 20m 1/2"
8.990

Slönguvagn á hjólum 1/2" f/50 metra
1.990

Cibon Fúgu vírbursti
3x10 laga m/skafti
1.490

Truper garðhanskar
495

Hjólbörur 80L
3.990

Greinasög 12"
1.290

Proflex Nitril vinnuhanskar
395

Sterkir Cibon strákústar
45cm **1.395 kr.**
60cm **1.895 kr.**

Slöngusamtengi
150
(mikið úrval tengja)

Mei-9957210 Skilrúm í garðinn 9mx15cm
995

PRETUL úðadæla 5 l. Trup 24685
2.490

25 stk. 110 lítra ruslapokar **995**
Einnig 200 lítra 10 stk. kr. 795 (65my)

Öflugar hjólbörur 90 lítra
8.590

MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM

Garðkarfa 25L
995
einnig fáanleg 50 lítra karfa kr. **1.590**

15m Garðslanga með tengjum
1.395

Vínilparket - Harðparket - Flísar

wineo – söluhæsti framleiðandi Þýskalands

ceraviva

EUROWOOD KIPO EIK 12mm harðparket,
18,8x187,5cm **2.990** kr. m²

Wineo - Aumaera eik grá 5 mm vínill
4.490 kr. m²
VÍNILPARKET

Wineo - Tirol Oak hvít 8 mm harðparket
1.990 kr. m²

EUROWOOD - Bandsöguð áferð - 8 mm harðparket
1.590 kr. m²

Ceraviva Cementi Ljós - Gólfflís - 30x60 cm
3.690 kr. m²

Wineo - Viktoria eik native 5 mm vínill
4.490 kr. m²
VÍNILPARKET

Wineo - Washed Oak - 8 mm harðparket
1.990 kr. m²

EUROWOOD - Steingrá eik - 8 mm harðparket
1.590 kr. m²

Ceraviva Fondo Griggio - Gólfflís - 60x60 cm
3.690 kr. m²

Wineo - Viktoria eik grá 5 mm vínill
4.490 kr. m²
VÍNILPARKET

Wineo - Tirol grá eik - 10 mm harðparket
2.790 kr. m²

EUROWOOD - Hvít eik - 12 mm harðparket
2.990 kr. m²

Mustang náttúrusteinn - 30x60 cm
4.490 kr. m²

Wineo - Aumera eik - 5 mm vínill
4.490 kr. m²
VÍNILPARKET

Don - Klassísk eik - 8 mm harðparket
1.390 kr. m²

EUROWOOD - Grá eik - 12 mm harðparket
2.990 kr. m²

Kai bílskúrsflís - 33x33 cm - gegnheil 7 mm
1.590 kr. m²

Allt fyrir baðherbergið

CERAVID
Þýsk gæði

3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og **hæglokandi seta.**
Þýsk gæðavara
37.890

Skál: „Scandinavia design"

Riga salerni með setu gólf- eða veggstútur. Kr.
19.990

IDO

Ido Seven D með setu
41.890
(frá Finnlandi)

Ido Trevi vegghengt með setu
17.890

Ryðfrír barki175 cm
kr. **990**

Ceravid Bathline Classic baðkar 170x75cm
17.890
Einnig til sem hornbaðkar

BOZZ
sturtuhorn

Ferkantað og rúnnað
80x80 **28.890**
Ferkantað og rúnnað
90x90 **30.890**
Vatnslás og botnventill frá McAlpine

KJÖRIÐ Í BÚSTAÐINN

Imex CT1053 Wc án setu
13.490

BOZZ
sturtuklefi
90x90cm
39.900

80x80cm
36.900
Fást einnig rúnnaðir 90x90 klefar á **kr. 39.900**
Sturtustöng og -brúsa fylgja.

1.290

1.190

1.290

MIKIÐ ÚRVAL

Sturtuhausar frá
kr. **1.290**
Mikið úrval

Guoren 4F Hitastýrt baðtæki Exclusive
kr. **18.990**
Málm handföng. Rósettur og hjámiðjur fylgja.

2.290
5 lítrar

Guoren-BO Hitastýrt tæki með niðurstút
kr. **13.990**

2.990

Mistillo MTG sturtusett
11.990

Bidalux BWR sturtusett
9.890

BOZZ hitastýrð blöndunartæki

BOZZ- LH2202-3
Hitastýrt sturtutæki með niðurstút kr.
8.890 (rósettur fylgja)

BOZZ hitastýrt baðtæki m/úrtaki
12.890



BOZZ-SH2101-1
Bað og sturtusett með hitastýrðu tæki
29.890
(rósettur fylgja)

BOZZ SH2205-3
Sturtusett m/hitastýrðu tæki
24.890
(rósettur fylgja)

EN 1111:1997



ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér. Þú þarft ekki að missa af neinu, þú getur notið línulegrar dagskrár allra sjónvarpsstöðva, tímaflakks, Frelsis og Stöð 2 Maraþon NOW í snjallsíma, spjaldtölvu, Apple TV og í vafra.

365ASKRIFT.IS | 365

FRÉTTABLAÐIÐ
TÍMAMÓT
25. MAÍ 2017 FIMMTUDAGUR

Ástkær eiginkona mín,
yndisleg móðir mín og tengdamóðir,
stjúpmóðir, amma og langamma,

Jónína Guðbjörg Björnsdóttir

skólastjóri,
Reiðskólanum Topp Hestum,

er látin. Útför hennar fer fram í Grafarvogskirkju föstudaginn 26. maí klukkan 13.

Þórður Rafn Guðjónsson
Sigrún Óladóttir **Hafsteinn Stefánsson**
Óli Hrafn Olsen
Katrín Tinna Hafsteinsdóttir
Stefán Haukur Hafsteinsson
Ívar Hauksson **Karen Ósk Sampsted**
Guðjón Þórðarson **Jensína Finnbjarnardóttir**
Ingvar Þórðarson **Sophie Mahlo**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku hjartans eiginmaðurinn minn,
sonur, faðir, stjúpfaðir og afi,

Ómar Bragi Birkisson

sem lést í Arizona þann 13. maí sl. verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ mánudaginn 29. maí kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Samtök sykursjúkra.

Helga Sigríður Harðardóttir Steffensen
Birkir Baldvinsson **Guðfinna Guðnadóttir**
Jakob Ómarsson
Tanja Björk Ómarsdóttir
Rakel Ýr Ómarsdóttir **Michael R. A. Boyd**
Birkir Jóhannes Ómarsson
Hörður Bent Viðisson
og barnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sonar míns,

Eyþórs Guðjóns Haukssonar

húsasmiðs og
byggingartæknifræðings.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Erla M. Guðjónsdóttir

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar systur okkar, mágkonu og frænku,

Agnesar Snorradóttur

Vindási 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk 11E á Landspítalanum fyrir frábæra umönnun og hlýju.

Guðrún J. Snorradóttir **Ragnar B. Björnsson**
Elísabeth Snorradóttir **Finnbogi Helgason**
Magnús Snorrason **Þuríður Ebenesersdóttir**
Sigurveig Sæmundsdóttir
og fjölskyldur.

FALLEGIR LEGSTEINAR

Á GÓÐU VERÐI

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Óskar Magnússon og Snæbjörg Guðmunda Gunnarsdóttir hlutu styrk í gær úr sjóði Halldórs Hansen. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hlutu styrk fyrir framúrskarandi árangur

Í gær var Tónlistardagur Halldórs Hansen haldinn í Salnum Kópavogi en styrktarsjóður Halldórs Hansen styrkir árlega framúrskarandi nemendur í tónlist. Í ár eru það Óskar Magnússon gítarleikari og Snæbjörg Guðmunda Gunnarsdóttir sópran sem hljóta styrk.

Óskar Magnússon og Snæbjörg Guðmunda Gunnarsdóttir, sem hlutu styrk í gær út sjóði Halldórs Hansen, eru sammála um að styrkveitingin sé mikill heiður.

„Ég er mjög þakklát, það er frábært að fá viðurkenningu fyrir alla vinnuna sem maður hefur lagt í námið. Styrkurinn á eftir að nýtast mér mjög vel, nú get ég einbeitt mér alveg að náminu án þess að þurfa að hafa áhyggjur af að eiga fyrir salti í grautinn. Þetta er einnig mjög hvetjandi fyrir sjálfa mig til að halda áfram að bæta mig sem söngkonu og listamann," segir Snæbjörg.

